

SAMTÖK
ATVINNULÍFSINS
ÁRSSKÝRSLA
2013-2014



EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORMANNS	4
HEILBRIGÐUR HAGVÖXTUR Á ÁRINU 2013 EN AÐKALLANDI VERKEFNI FRAMUNDAN	6
NÝIR TÍMAR Á VINNUMARKAÐI?	8
ÞJÓNUSTA VIÐ FÉLAGSMENN SA	10
ATVINNULÍFIÐ Á STEFNUMÓT VIÐ MENNTAKERFIÐ	12
STARFSSKILYRÐI ATVINNULÍFSINS	14
STERK STAÐA LÍFEYRISSJÓÐANNA	16
VIÐ VINNUM FYRIR ATVINNULÍFIÐ	17
JAFNRÉTTISMÁL	18
SAMFÉLAGSÁBYRGÐ FYRIRTÆKJA	20
ÞÚSUND MYNDIR ATVINNULÍFSINS	22
UMHVERFISMÁL OG VINNUMHVERFI	24
UMSAGNIR UM ÞINGMÁL OG ÖNNUR MÁL	25
ERLEND SAMSKIPTI	26
STÖRF STJÓRNAR SA STARFSÁRIÐ 2013-2014	28
BREYTINGAR HJÁ SAMTÖKUM ATVINNULÍFSINS	30
LITLA ÍSLAND	32
KYNNING OG MIÐLUN	34
ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA	38
REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2013	39
EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2013	40
VINNUDEILUSJÓÐUR	41

ÁVARP FORMANNS



FRUMKVÆÐI ÁBYRGÐ ÁRANGUR

Eins og venja er hafa kjarasamningar verið stærsta einstaka verkefni Samtaka atvinnulífsins. Á undanförunum árum hefur komið fram mikil óánægja félagsmanna SA og annarra aðila á vinnumarkaði um hvernig staðið væri að gerð kjarasamninga. Ómarkviss undirbúningur hafi einkennt gerð þeirra og umsamdar launahækkanir hafi verið umfram getu fyrirtækjanna til að taka á sig kostnaðarhækkanir. Afleiðingin hafi orðið sú að kauphækkanir hafi horfið í hit verðbólgu og ekki skilað sér í auknum kaupmætti launa og aukinni atvinnu.

Það var því fagnaðarefni þegar aðilar að kjarasamningum á almennum og opinberum vinnumarkaði urðu sammála um að kanna hvernig til hefði tekist á Norðurlöndunum að bæta kaupmátt í samræmi við stöðu atvinnulífsins, efnahagsleg skilyrði og með stöðugleika að leiðarljósi.

Í janúar 2013 gerðu samningsaðilar á almenna vinnumarkaðnum með sér samkomulag um að hefja þegar undirbúning að kjarasamningi sem byggði á nýrri sýn. Þetta leiddi til kjarasamninganna í desember síðastliðnum ásamt viðbótum í nýliðnum febrúar. Í fyrsta skipti í langan tíma var samið um launahækkanir sem samræmast verðbólgu markmiði Seðlabanka Íslands. Enda var ársverðbólgan í febrúar og mars komin í 2,1-2,2% en lægri tölur hafa ekki sést nema einu sinni á undanförunum 10 árum.

Í nýrri könnun meðal stjórnenda stærstu fyrirtækja landsins vænta þeir 3,0% verðbólgu næstu 12 mánuði og 3,5% eftir tvö ár. En í

síðustu könnunum voru væntingar um verðbólgu 4 - 5%. Þessar væntingar eru óþarflega háar og nauðsynlegt að áætlanir fyrirtækja og hins opinbera miðist við að verðbólgan haldist innan marka Seðlabankans og að væntingarnar séu í samræmi við það.

Með kjarasamningunum hefur verið stigið skref í átt að nýju tímabili stöðugleika sem verður meginmarkmið viðræðna um samninga sem taka eiga við í febrúar á næsta ári. Verðbólga verði svipuð og í nágrannaríkjum, vextir fari lækkandi og forsendur skapist fyrir aukinni verðmætasköpun. Samkeppnisstaða fyrirtækjanna batnar. Þannig verður best lagður grunnur að betri lífskjörum hér á landi.

En þetta dugir ekki til. Nauðsynlegt er að efnahagsstefna stjórnvalda ásamt peningastefnu Seðlabankans ásamt kjarasamningum hafi stöðugleika og aukna samkeppnishæfni að leiðarljósi. Enginn einn þessara aðila getur tryggt stöðugleika, aukna framleiðni atvinnulífsins og betri lífskjör landsmanna. Það verða allir að vinna saman.

Innra starf

Á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins 2014 verður kynnt stefnumótun SA um eflingu innra starfs samtakanna. Nýtt skipurit, nýjar áherslur ásamt nýjum vef og kynningarefni eru til marks um þetta. Stofnað hefur verið til nýs efnahagssviðs SA þar sem ungt og hæfileikaríkt fólk mun leggja á ráðin um þróun efnahagsmála, spá fyrir um breytingar á hagstærðum og ráðleggja samtökunum, stjórnvöldum og öðrum um hvernig unnt sé að bregðast við þannig að til betri vegar horfi.

Starf SA að menntamálum hefur öðlast aukið vægi með stofnun mennta- og nýsköpunarsviðs. Fyrirtækin leggja verulegt fé í starfsmenntasjóði og full ástæða til að leggja meiri áherslu á að þetta fé nýtist sem best í þeirra þágu. Einnig verður sjónum beint að skólakerfinu og hvernig unnt er að tryggja að það þjóni betur þörfum atvinnulífsins. Meðal annars telja SA mikilvægt að stytta þann tíma sem tekur að útskrifa nemendur úr framhaldsskólum og efling námsráðgjafar og aðgerðir til að auðvelda nemendum að finna sér nám við hæfi eru forgangsverkefni.

**Samtökin hafa valið sér gildi sem lýsa eiga áherslum samtakanna:
FRUMKVÆÐI – ÁBYRGÐ – ÁRANGUR**

Í stuttu máli má segja að SA hafi hagsmuni atvinnulífsins í fyrirúmi. Samtökin vilja vera jákvæð, áræðin og leita lausna og eiga gott samstarf við aðra hagsmunaaðila og stjórnvöld. Samtökin byggja sitt starf á fagmennsku, eru samkvæm sjálfum sér og eru raunsæ og heiðarleg. Samtökin sýna metnað og hugvit í sínum störfum og ætlast til að þau skili sér í betra rekstrarumhverfi fyrirtækjanna og aukinni samkeppnishæfni samfélagsins í heild.

Aukin samkeppnishæfni

Samtökin munu kynna á ársfundi atvinnulífsins, sem fer fram í beinu framhaldi af aðalfundinum, nýja stefnumótun um hvernig Ísland getur á 10 árum komist að nýju í hóp 10 samkeppnishæfustu ríkja heims. Á örfáum árum hefur landið fallið úr 4. sæti í það 29. Í góðu starfsumhverfi fyrirtækja vex atvinnulífið, meiri verðmæti verða til, landsframleiðsla eykst, atvinna verður meiri og líf skjör batna. Það verður betra til að búa og starfa á Íslandi og ólíklegra að fólk þurfi að flytja til landa þar sem tækifærin kunna að vera betri og fjölbreyttari.

Samkeppnishæfni er keppni milli þjóða heimsins. Ísland er í meðallagi af 60 samkeppnishæfustu þjóðum heims. En á ákveðnum sviðum fær landið felleinkunn. Þegar kemur að efnahagslegri frammistöðu er Ísland í 45. sæti og það er lokað fyrir beina fjárfestingu Íslendinga erlendis og afleiðingin er botn-sætið. Það sama á við um aðgengi að mörkuðum og vaxtastig er hvergi hærra. Háar skuldir hins opinbera tryggja 58. sætið af 60 ríkjum. Svona má áfram telja.

En jákvæðir þættir í þessari mælingu eru sterkir samfélagslegir innviðir (14. sæti). Öflugur vinnumarkaður og aðgangur að orku fleytir Íslandi í 1. sæti, hér er sterkt lífeyriskerfi, hraðar nettengingar og konur eru sífellt mikilvægari þátttakendur í atvinnulífinu.


Verkefni blasa við og tækifærin einnig. Samkeppnishæfni snýst um góð líf skjör og það er eftirsóknarvert að klífa upp listann. Þannig verður atvinnulífið öflugra, afkoma ríkis og sveitarfélaga batnar og síðast en ekki síst batnar hagur fólksins í landinu.

HEILBRIGÐUR HAGVÖXTUR Á ÁRINU 2013 EN AÐKALLANDI VERKEFNI FRAMUNDAN

Hagvöxtur á árinu 2013 mældist 3,3% sem er talsvert meiri vöxtur en á árinu 2012 þegar hagvöxtur var 1,4%. Meiri kraftur var í hagkerfinu en Seðlabankinn og aðrir greiningaraðilar höfðu gert ráð fyrir og hefur hagvöxtur ekki verið meiri í sex ár. Samsetning hagvaxtar breyttist verulega á árinu 2013 en vöxturinn var fyrst og fremst drifinn áfram af utanríkisverslun og hefur heilbrigðari hagvöxtur ekki mælst hér á landi í áratugi.

Samdrátturinn á Íslandi í kjölfar efnahagsshrunsins 2008 var heldur dýpri en í viðskiptalöndum okkar en á móti hefur efnahagsbatinn verið sterkari. Hægur gangur í efnahagslífi helstu viðskiptalanda er hins vegar áhyggjuefni og endurspeglast m.a. í versnandi viðskiptakjörum en þau hafa ekki mælst jafn óhagstæð í fimmtíu ár. Gangi hagvaxtarspár fyrir árið 2014 eftir verður sterkari vöxtur í viðskiptalöndunum sem ætti að öðru óbreyttu að hafa jákvæð áhrif á viðskiptakjör landsins.

Hagvöxtur á Íslandi og viðskiptalöndum okkar raðað eftir vægi þeirra í viðskiptavog - (%) raunbreyting á VLF fyrir árið 2013 og spár um hagvöxt á árinu 2014



Heimild: Macrobond


Rætur hagvaxtarins

Frá því efnahagsbatinn hófst á árinu 2010 hefur hagvöxtur verið drifinn áfram af innlendra eftirspurn, einkum kröftugum vexti í einkaneyslu. Þrátt fyrir stóru aukinn vöxt ferðamanna til landsins hefur framlag utanríkisverslunar til hagvaxtar verið neikvætt en ástæðuna má einkum rekja til aukins vaxtar innflutnings samhliða auknum þrótti í efnahagslífinu. Jákvætt er því að sjá hvernig samsetning hagvaxtar breyttist á síðasta ári en þá lagði utanríkisverslun einna mest til vaxtarins. Vægi útflutnings í landsframleiðslunni hefur aukist verulega á undanförunum árum og er í dag í kringum 58% af landsframleiðslu en var 35% fyrir hrun. Megin skýringuna á þessu má rekja til vaxtar í þjónustuútflutningi sem í dag telur um 40% af heildarútflutningi landsins og endurspeglar þessi þróun mikilvægi ferðaþjónustunnar í þeim sterka efnahagsbata sem við höfum séð á síðustu árum.

Vöxtur í einkaneyslu var ekki jafn sterkur á síðasta ári og árið á undan. Einkum var vöxturinn dræmur á fyrrihluta ársins 2013. Í lok síðasta árs var óvissu aftur á móti aflétt þegar ríkisstjórnin kynnti aðgerðaáætlun um höfuðstólslækkun húsnæðislána en líklega munu áhrif þessara aðgerða koma sterkt fram á þessu ári.

Fjárfesting dróst saman á síðasta ári en samdrátturinn má rekja til samdráttar í fjárfestingu skipa og flugvéla. Að frádreginni fjárfestingu í skipum og flugvélum jókst fjárfesting um 5,8%. Þrátt fyrir að landsframleiðslutölur síðustu ára staðfesti að fjárfesting sé farin að taka við sér á ný er fjárfestingastigið enn lágt og töluvert undir langtímaeðaltali.

Hagvöxtur og framlag undirlíða (%) - breyting frá fyrra ári




Heimild: Hagstofa Íslands

Áfram bati á vinnumarkaði

Batinn á vinnumarkaði á undanförunum misserum hefur verið heldur sterkari en hagkerfið hefur gefið tilefni til. Skráð atvinnuleysi samkvæmt Vinnuálastofnun hélt áfram að lækka á árinu, mældist í upphafi árs 5,5% en í lok árs var atvinnuleysi komið niður í 4,2%. Vegna breytinga á atvinnuleysisbótarétti, þar sem tímabundin lenging á bótarétti úr þremur í fjögur ár var ekki framlengd um áramótin 2012/2013, eru mælingar Hagstofunnar e.t.v. betri mælikvarði á raunverulegra þróun atvinnuleysis um þessar mundir. Atvinnuleysi samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar var 5,8% í upphafi árs en var komið niður í 4,5% í lok árs. Á síðasta ári fjölgaði starfandi um 5.600 milli ára en samhliða var töluverður viðsnúningur í aðfluttum umfram brottflutta þar sem 1.600 fleiri fluttu til landsins en frá því og er þetta í fyrsta skipti frá hruni sem fleiri flytja til landsins en frá því.

Atvinnuleysi (%) - frá 1F 2008 til 4F 2013




Heimild: Hagstofa Íslands og Vinnuálastofnun

Krónan hélt stöðug og verðbólgan einnig

Stýrivextir Seðlabanka Íslands voru óbreyttir á árinu 2013 en í stað þess að beita vaxtataekinu til að festa verðbólguvæntingar og -horfur nær verðbólgu markmiðinu hóf Seðlabankinn að beita inngrípum á gjaldeyrismarkaði til að jafna sveiflur á gengi krónunnar. Í upphafi árs mátti greina töluverðar gengissveiflur en er leið á árið tókst með tilstuðlan Seðlabankans að halda krónunni tiltölulega stöðugri. Verðbólgan var einnig fremur stöðug á árinu en verðbólgu markmiðið var aldrei í augnsýn. Í árslok var verðbólgan 4,2% og var það húsnaðisliðurinn sem lagði einna mest til hennar á árinu 2013.

Gengis- og verðlagsþróun



Heimild: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands

Metafgangur á viðskiptum við útlönd


Undirliggjandi viðskiptaafgangur síðasta árs var 110 ma.kr. eða sem nemur 6,2% af landsframleiðslu ársins og hefur ekki verið meiri afgangur frá því mælingar hófust fyrir 24 árum. Afgangur á vöru- og þjónustuviðskiptum nam 7,4% af landsframleiðslu en á sama tíma var halli á þáttatekjum líkt og undangengin ár. Þegar undirliggjandi viðskiptajöfnuður er skoðaður er horft framhjá áhrifum vegna innlánastofnana í slitameðferð.

Raungengi krónunnar hefur stutt við útflutningsgreinar á undanförunum árum en þrátt fyrir 4% styrkingu á árinu er raungengið í dag enn um 10% lægra en meðalraungengi síðustu áratuga. Þrátt fyrir að raungengið sé enn lágt í sögulegu samhengi dregur frekari styrking þess úr gjaldeyrissköpun þjóðarbúsins sem er áhyggjuefni ef horft er til þess hversu þungur endurgreiðsluferill innlendra aðila í erlendri mynt er á komandi árum. Ef ekki kemur til endurfjármögnunar skulda er erfitt að réttlæta sterkara raungengi en í dag.

Horfurnar á árinu 2014

Á fyrstu mánuðum ársins 2014 hefur verðbólgan hjaðnað og mældist hún í febrúar undir verðbólgu markmiði í fyrsta skipti í nær þrjú ár. Að öðru óbreyttu er útlit fyrir að verðbólgan verði í kringum markmið á árinu. Þróunin mun velta verulega á þróun gengisins. Kjarasamningar SA og aðildarfélaganna ASÍ sem undirritaðir voru í lok síðasta árs, og mörkuðu launastefnuna fyrir aðra samninga, fela í sér launahækkanir í samræmi við verðbólgu markmiðið en lítið má út af bregða til að launahækkanir verði umfram það sem æskilegt er að teknu tilliti til verðbólgu markmiðs og

Viðskiptajöfnuður og undirliðir hans - sem hlutfall af VLF



*Án áhrifa innlánastofnana í slitameðferð frá og með 4F 2008

Heimild: Seðlabanki Íslands

framleiðnivaxtar í hagkerfinu. Spár gera ráð fyrir frekari vexti í hagkerfinu á þessu ári en gert er ráð fyrir að samsetningin muni breytast og að hagvöxtur verði drifinn áfram af innlendra eftirspurn í stað utanríkisverslunar. Ef sú reynist raunin er ljóst að viðskiptaafgangur verður heldur minni á þessu ári þar sem vöxtur innlendra eftirspurnar kallar á aukinn innflutning.

Mörg aðkallandi verkefni eru framundan er snúa að fjármagnshöftum sem þarf að leysa. Finna þarf lausn á uppgjörum þrotabúa bankanna sem tryggir að hvorki efnahagslegum né fjármálegum stöðugleika sé ógnað. Þungan endurgreiðsluferill innlendra aðila á samningsbundnum afborgunum erlendra lána á komandi árum þarf að leysa með því að endursemjja um hluta af þeim skuldum þar sem ljóst er að gjaldeyrissköpun þjóðarbúsins mun ekki duga til að mæta núverandi skuldbindingum. Einnig þarf að finna leiðir til að lyfta höftum gagnvart öðrum almennum fjárfestum sem fastir eru inni í landinu en óska eftir því að fara með allar eða hluta af sínum eignum úr landi. Ljóst er að um er að ræða stór og flókin viðfangsefni en mikilvægt er að hafa í huga að framtíðarhorfur íslensks efnahagslífs velta á því hvernig tekst til við að losa höftin!

Efnahagssvið SA

NÝIR TÍMAR Á VINNUMARKAÐI?

Könnun SA á viðhorfum almennings til kjarastefnu

Í könnun sem Capacent Gallup gerði meðal almennings fyrir Samtök atvinnulífsins í október 2013 kom fram að tveir af hverjum þremur voru hlynntir því að gerð yrði þjóðarsátt á vinnumarkaði, þar sem lögð yrði meiri áhersla á stöðugt verðlag og stöðugt gengi krónunnar en í stað þess lögð minni áhersla á launahækkanir. 17% landsmanna voru andvíg þessari leið og jafn stór hópur var hvorki hlynntur né andvígur.

Þá kom einnig fram í könnuninni að tveir þriðju landsmanna höfðu miklar áhyggjur af verðbólgu, en aðeins 10% litlar áhyggjur. Áhyggjur fólks af verðbólgu hafa vaxið frá árinu 2005 þegar Samtök atvinnulífsins gerðu sambærilega könnun en þá hafði um helmingur landsmanna miklar áhyggjur af verðbólgunni.

Norræna kjarasamningalíkanid

Í maí 2013 kom út skýrsla vinnuhóps aðila vinnumarkaðarins um kjarasamninga á Norðurlöndum, annarra en Íslands. Skýrslan var afrakstur þess að stærstu samtök launafólks og vinnuveitenda efndu til ferðar til Norðurlandanna í febrúar 2013 til þess að fræðast um skipulag vinnumarkaðarins þar, hvernig undirbúningi kjarasamninga er háttað og hvernig að eiginlegri kjarasamningagerð er staðið. Markmið með úttektinni er að leita fyrirmynda í nágrannaríkjum Íslands sem geti nýst við að bæta vinnubrögð við gerð kjarasamninga hér á landi þannig að þeir stuðli að stöðugu verðlagi, auknum kaupmætti launa og samkeppnishæfni atvinnulífsins.

Kjarasamningar hér á landi hafa sætt gagnrýni úr ýmsum áttum, sem lýtur m.a. að fyrirkomulagi viðræðnanna og áhrifum þeirra á efnahagslegan stöðugleika. Bent hefur verið á að undirbúningur samningsaðila og samningaviðræður séu ekki nægilega markvissar. Því er einnig haldið fram, m.a. af Seðlabanka Íslands, að umsamdar launahækkanir hafi leitt til efnahagslegs óstöðugleika.

Á Norðurlöndum er mikið lagt upp úr vönduðum undirbúningi fyrir kjarasamninga. Efnahagslegar forsendur eru greindar og samanburður gerður við önnur lönd. Farið er yfir hvernig til hefur tekist með fyrri samninga og sameiginleg vinna við úrvinnslu upplýsinga fer stöðugt fram. Staðan hverju sinni er metin og farið yfir mál og launatölfræði sem liggja til grundvallar mati á svigrúmi til launahækkana.

Sameiginleg greining samningsaðila á efnahagsumhverfi og launaþróun

Í október gáfu heildarsamtök launafólks og vinnuveitenda út skýrsluna „Í aðdraganda kjarasamninga – efnahagsumhverfi og launaþróun“. Við vinnslu skýrslunnar fékkst aðgangur að gagnasafni Hagstofunnar um launaþróun og var þróunin greind eftir samningssviðum og viðsejendum, en það hafði ekki verið gert áður. Helstu niðurstöður þeirrar greiningar voru þær að í samanburði við hina opinberu launavísitölu, sem hækkaði um 51,7% frá nóvember 2006 til maí 2013, höfðu laun félagsmanna ASÍ á almennum vinnumarkaði hækkað um



sama hlutfall. Laun félagsmanna ASÍ sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum höfðu hækkað nokkuð meira, sem skýrist af ítrekuðum krónutöluhækkunum launataxta á umræddu tímabili. Félagsmenn BHM höfðu hækkað um 50% eða innan við 2% minna en launavísitalan. Laun félagsmanna BSRB hjá ríki höfðu einnig hækkað um svipað hlutfall og launavísitalan en laun félagsmanna BSRB hjá sveitarfélögum hækkuðu nokkuð minna, eða um 46,6%. Laun félagsmanna Kennarasambandsins hjá sveitarfélögum hækkuðu svipað og launavísitalan en félagsmenn KÍ hjá ríkinu fengu minnstar hækkanir, eða um 45,2%.

Í greiningunni á efnahagsumhverfinu kom fram að allir spáaðilar um efnahagsþróun gerðu ráð fyrir að næstu árin yrðu launahækkanir og verðbólga mun meiri hér á landi en í viðskiptalöndunum. Um það sagði í skýrslunni að sviðsmyndir um áframhaldandi verðbólgu og hækkanir vaxta, sem eru margfalt hærri en í viðskiptalöndunum, væru fjarri því að vera eftirsóknarverð framtíðarsýn fyrir heimili og fyrirtæki landsins. Í lokaorðum skýrslunnar sagði að hér á landi ríkti almennur óstöðugleiki, gengisvölt króna og verðbólga sem væri ógn við lífskjör almennings og rekstrargrundvöll fyrirtækja. Kjarasamningar væru í senn mikilvægur hluti lausnar á þessum vanda og jafnframt væri óstöðugleikinn ógn við gerð kjarasamninga. Sameiginleg markmið aðila vinnumarkaðarins hlýtu að vera bætt lífskjör sem hvíldu á efnahagslegum stöðugleika, samkeppnishæfu atvinnulífi og fullri atvinnu.

Kjarasamningarnir í desember 2013 og norræna líkanið

Í kjarasamningunum sem undirritaðir voru 21. desember 2013, sem urðu þrátt fyrir mikinn mótbyr að lokum að samningum fyrir allan almenna vinnumarkaðinn má lesa uppgjör við fyrri efnahagsstefnu og sett skýr markmið í efnahagsmálum. Það sagði að verðbólga hefði verið miklu meiri og sveiflukenndari hér á landi en í viðskiptalöndum okkar áratugum saman. Mikil verðbólga valdi margvíslegu tjóni. Verðskyn slævist, aðhald að verðlagi og samkeppni minnki, fjárhagsáætlanir bregðist og valdi háum vöxtum. Verðbólgan dragi þannig úr skilvirkni og samkeppnishæfni atvinnulífsins og haldi niðri lífskjörum fólksins í landinu. Samningsaðilar vilji ná víðtækri samstöðu um að rjúfa þennan vítahring.

Efnahagslegur stöðugleiki stuðli að bættri framleiðni sem sé forsenda aukins kaupmáttar. Megin markmið kjarasamninga sé aukinn kaupmáttur og stöðugt verðlag. Ef framangreind markmið eigi að nást þurfi launabreytingar, hvort sem þær eru kjarasamnings- eða einstaklingsbundnar, að samrýmast stöðugu verðlagi, gengi krónunnar að vera sem stöðugast, bæði innan hvers árs og milli ára og að stöðugra efnahagsumhverfi stuðli að sambærilegum vöxtum og í nágrennalöndunum.

ÞJÓNUSTA VIÐ FÉLAGSMENN SA



Vinumarkaðssvið SA kappkostar að veita aðildarfyrirtækjum samtakanna góða þjónustu á sviði kjará- og starfsmannamála.

Hlutverk vinnumarkaðssviðs er m.a. að veita fyrirtækjum lögfræðilega ráðgjöf í vinnumarkaðs- og vinnuréttarmálum, gæta hagsmuna SA og aðildarfyrirtækja í samskiptum við stéttarfélög og stjórnvöld, vera í fyrirvari í kjaraviðræðum og vinnudeilum, aðstoða fyrirtækin í ágreiningsmálum við stéttarfélög og lögmenn, annast málflytning fyrir Félagsdómi f.h. samtakanna og aðildarfyrirtækja, flytja mál fyrir almennum dómstólum í fordæmisgefandi

málum og sinna alþjóðasamskiptum á sviði vinnumarkaðsmála. Á vinnumarkaðssviðinu starfa sex lögfræðingar.

Félagsmenn fá jafnframt aðgang að þjónustuvef SA þar hægt er að nálgast upplýsingar milliliðalaust hvenær sem er.

Sjö aðildarsamtök SA veita ennfremur félagsmönnum sérhæfða þjónustu sem er sniðin að hagsmunum einstakra atvinnugreina og fyrirtækja.

Vinumarkaðssvið SA

Atkvæðagreiðslur um kjarasamninga á tímabilinu janúar til marsloka 2014

	Fjöldi samninga	Fjöldi á kjörskrá	Greidd atkvæði	%	Já	%	Nei	%	Auðir	%
Starfsgreinasambandið	34	32.551	5.371	17%	4.046	75%	1.260	23%	66	1%
Félög verslunarmanna	12	29.521	3.985	13%	2.276	57%	1.624	41%	83	2%
Félög lónaðarmanna	18	11.542	2.609	23%	1.509	58%	1.045	40%	56	2%
Önnur stéttarfélög	4	6.711	3.190	48%	2.123	67%	965	30%	103	3%
Fyrirtækjasamningar	14	1.609	748	46%	555	74%	189	25%	4	1%
Samtals	82	81.934	15.903	19%	10.509	66%	5.083	32%	312	2%

Niðurstöður atkvæðagreiðslna sem lokið var 1. apríl 2014 um kjarasamninga 2013-2014

	Landssmb.	Á kjörskrá	Atkvæði greiddu				Auðir og ógildir				Dags-undirr.	Gildir til	Niðurstaða
			Já	%	Nei	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%			
Aldan stéttarfélag	SGS	618	142	23%	70	49%	72	51%	0	0%	21/12/13	31/12/14	Felldur
Báran stéttarfélag	SGS	1.544	175	11%	53	30%	118	67%	5	3%	21/12/13	31/12/14	Felldur
Drifandi stéttarfélag, Vestmannaeyjum	SGS	566	249	44%	10	4%	239	96%	0	0%	21/12/13	31/12/14	Felldur
Drifandi stéttarfélag, Vestmannaeyjum	SGS	567	265	47%	99	37%	161	61%	5	2%	20/02/13	28/02/15	Felldur
Eining - lðja, Akureyri	SGS	3.419	841	25%	385	46%	452	54%	4	0%	21/12/13	31/12/14	Felldur
Flóabandalagið (3 félög)	SGS	20.155	3.075	15%	1.432	47%	1.633	53%	10	0%	21/12/13	31/12/14	Felldur
Framsýn stéttarfélag, Húsavík	SGS	833	234	28%	16	7%	216	92%	2	1%	21/12/13	31/12/14	Felldur
Stéttarfélag Vesturlands	SGS	524	136	26%	56	41%	80	59%	0	0%	21/12/13	31/12/14	Felldur
Stéttarfélagið Samstaða, Blönduósi	SGS	277	85	31%	42	49%	43	51%	0	0%	21/12/13	31/12/14	Felldur
Verkalýðsfélag Akraness	SGS	794	271	34%	19	7%	252	93%	0	0%	21/12/13	31/12/14	Felldur
Verkalýðsfélag Grindavíkur	SGS	648	172	27%	29	17%	136	79%	7	4%	21/12/13	31/12/14	Felldur
Verkalýðsfélag Snæfellinga	SGS	775	187	24%	74	40%	100	53%	13	7%	21/12/13	31/12/14	Felldur
Verkalýðsfélag Þórshafnar	SGS	121	51	42%	7	14%	43	84%	1	2%	21/12/13	31/12/14	Felldur
Verkalýðsfélag Akraness, iðnaðarm.deild	Samíðn	56	22	39%	8	36%	14	64%	0	0%	21/12/13	31/12/14	Felldur
Þingið	Samíðn	63	26	41%	3	12%	21	81%	2	8%	21/12/13	31/12/14	Felldur
AFL starfsgreinafélag	LÍV	164	66	40%	23	35%	42	64%	1	2%	21/12/13	31/12/14	Felldur
Framsýn stéttarfélag	LÍV	112	35	31%	3	9%	31	89%	1	3%	21/12/13	31/12/14	Felldur
Verkalýðsfélag Snæfellinga	LÍV	64	11	17%	4	36%	7	64%	0	0%	21/12/13	31/12/14	Felldur
Verkalýðsfélag Þórshafnar	LÍV	22	12	55%	5	42%	7	58%	0	0%	21/12/13	31/12/14	Felldur
Verslunarmannafélag Suðurnesja	LÍV	1.222	139	11%	44	32%	93	67%	2	1%	21/12/13	31/12/14	Felldur
Félag leiðsögumanna		223	51	23%	17	33%	31	61%	3	6%	21/12/13	31/12/14	Felldur
RSÍ		2.688	653	24%	301	46%	342	52%	10	2%	21/12/13	30/12/14	Felldur
VM - Félag vélstjóra og málmteknimanna		1.751	364	21%	162	45%	196	54%	6	2%	21/12/13	31/12/14	Felldur
Afl - Starfsgreinafélag Austurlands	SGS	1.941	768	40%	396	52%	368	48%	4	1%	21/12/13	31/12/14	Samb.
Afl og Drifandi v. fiskmjólsstarfsmanna	SGS	81	67	83%	55	82%	11	16%	1	1%	25/02/14	28/02/17	Samb.
Aldan stéttarfélag	SGS	650	80	12%	73	7%	7	9%	1	1%	20/02/13	28/02/15	Samb.
Báran stéttarfélag	SGS	1.095	150	14%	122	81%	24	16%	4	3%	20/02/13	28/02/15	Samb.
Eining - lðja, Akureyri	SGS	2.875	437	15%	367	84%	70	16%	0	0%	20/02/13	28/02/15	Samb.
Flóabandalagið (3 félög)	SGS	20.212	2.668	13%	2.149	81%	494	19%	25	1%	20/02/13	28/02/15	Samb.
Framsýn stéttarfélag, Húsavík	SGS	833	110	13%	89	81%	18	16%	3	3%	20/02/13	28/02/15	Samb.
Stéttarfélag Vesturlands	SGS	420	92	22%	72	78%	20	22%	0	0%	20/02/14	28/02/15	Samb.
Stéttarfélagið Samstaða, Blönduósi	SGS	284	51	18%	40	78%	10	20%	1	2%	20/02/14	28/02/15	Samb.
Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur	SGS	114	11	10%	1	9%	10	91%	0	0%	21/12/13	31/12/14	Samb.
Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis	SGS	360	107	30%	63	59%	40	37%	4	4%	21/12/13	31/12/14	Samb.
Verkalýðsfélag Akraness	SGS	718	74	10%	63	85%	5	7%	6	8%	20/02/14	28/02/15	Samb.
Verkalýðsfélag Grindavíkur	SGS	607	250	41%	235	94%	12	5%	3	1%	20/02/14	28/02/15	Samb.
Verkalýðsfélag Snæfellinga	SGS	750	56	7%	42	75%	12	21%	2	4%	20/02/14	28/02/15	Samb.
Verkalýðsfélag Suðurlands	SGS	502	168	33%	121	72%	39	23%	8	5%	21/12/13	31/12/14	Samb.
Verkalýðsfélag Vestfirðinga	SGS	984	244	25%	126	52%	115	47%	3	1%	21/12/13	31/12/14	Samb.
Verkalýðsfélag Þórshafnar	SGS	125	38	30%	32	84%	5	13%	1	3%	20/02/14	28/02/15	Samb.
Verkalýðsfélag Þórshafnar v. fiskmjólsstarfsm.	SGS	15	12	80%	8	67%	4	33%	0	0%	06/03/14	28/02/17	Samb.
AFL, Starfsg. fél. Austurlands-iðnaðarm.deild	Samíðn	164	70	43%	38	54%	32	46%	0	0%	21/12/13	31/12/14	Samb.
Bygging - Félag byggingamanna	Samíðn	1.001	262	26%	126	48%	129	49%	7	3%	21/12/13	31/12/14	Samb.
Félag iðn- og tæknigreina / SA	Samíðn	2.673	511	19%	244	48%	247	48%	20	4%	21/12/13	31/12/14	Samb.
Félag járníðnaðarmanna, Ísafirði	Samíðn	49	21	19%	18	86%	3	14%	0	0%	21/12/13	31/12/14	Samb.
Félag málmíðnaðarmanna, Akureyri	Samíðn	365	62	17%	43	69%	18	29%	1	2%	21/12/13	31/12/14	Samb.
Iðnsveinafélag Hönvetingna	Samíðn	14	0	0%	0	0%	0	0%	0	0%	21/12/13	31/12/14	Samb.
Iðnsveinafélag Skagafjarðar	Samíðn	84	40	48%	28	70%	12	30%	0	0%	21/12/13	31/12/14	Samb.
Stéttarfélag Vesturlands	Samíðn	44	9	20%	5	56%	4	44%	0	0%	21/12/13	31/12/14	Samb.
Verkalýðsfél. Vestf. /Sveinafél. byggingam.	Samíðn	5	1	20%	1	100%	0	0%	0	0%	21/12/13	31/12/14	Samb.
Verkalýðsfélag Akraness, iðnaðarm.deild	Samíðn	56	22	39%	17	75%	6	25%	0	0%	20/02/14	28/02/15	Samb.
Verkalýðsfélag Þórshafnar	Samíðn	9	3	33%	2	67%	1	33%	0	0%	21/12/13	31/12/14	Samb.
Þingið	Samíðn	64	18	28%	12	67%	6	33%	0	0%	20/02/14	28/02/15	Samb.
AFL starfsgreinafélag	LÍV	164	33	20%	28	85%	3	9%	0	0%	20/02/14	28/02/15	Samb.
Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri	LÍV	1.970	198	10%	125	63%	71	36%	2	1%	21/12/13	31/12/14	Samb.
Framsýn stéttarfélag	LÍV	112	6	5%	4	67%	1	17%	1	17%	20/02/14	28/02/15	Samb.
Stéttarfélag Vesturlands	LÍV	139	41	29%	23	56%	17	41%	1	2%	21/12/13	31/12/14	Samb.
Stéttarfélagið Samstaða	LÍV	60	19	32%	14	74%	5	26%	0	0%	21/12/13	31/12/14	Samb.
Verkalýðsfélag Snæfellinga	LÍV	68	2	3%	2	100%	0	0%	0	0%	21/12/13	28/02/15	Samb.
Verkalýðsfélag Vestfirðinga	LÍV	294	95	32%	60	63%	35	37%	0	0%	21/12/13	31/12/14	Samb.
Verkalýðsfélag Þórshafnar	LÍV	18	10	56%	10	100%	0	0%	0	0%	20/02/14	28/02/15	Samb.
Verslunarmannafélag Skagfirðinga	LÍV	166	20	12%	14	70%	6	30%	0	0%	21/12/13	31/12/14	Samb.
Verslunarmannafélag Suðurlands	LÍV	733	78	11%	40	51%	37	47%	1	1%	21/12/13	31/12/14	Samb.
Verslunarmannafélag Suðurnesja	LÍV	1.175	130	11%	103	79%	27	21%	0	0%	20/02/14	28/02/15	Samb.
VR	LÍV	24.622	3.353	14%	1.853	55%	1.422	42%	78	2%	21/12/13	31/12/14	Samb.
Bífréidastjórafélagið Sleipnir		49	15	31%	14	93%	0	0%	1	7%	18/02/14	31/12/14	Samb.
Blaðamannafélag Íslands		345	69	20%	60	87%	7	10%	2	3%	07/02/14	31/12/14	Samb.
Elkem Grundartanga		134	111	83%	77	69%	33	30%	1	1%	31/01/17	31/01/17	Samb.
Félag bókkagerðarmanna		713	280	39%	138	49%	135	48%	7	3%	21/12/13	31/12/14	Samb.
Félag hársnyrtisveina		430	38	9%	19	50%	16	42%	3	8%	21/12/13	31/12/14	Samb.
Matvís		1.388	169	12%	97	57%	70	41%	2	1%	21/12/13	31/12/14	Samb.
Mjólkurfræðingafélag Íslands		45	26	58%	23	88%	2	8%	1	4%	26/02/14	31/12/14	Samb.
PFÍ og Íslandspóstur		866	398	46%	291	73%	107	27%	0	0%	14/03/14	31/12/14	Samb.
RSÍ		2.688	708	26%	433	61%	264	37%	11	2%	20/02/14	28/02/14	Samb.
RSÍ og 365		41	7	17%	6	86%	1	14%	0	0%	21/02/14	28/02/15	Samb.
RSÍ og Já hf.		73	32	44%	22	69%	9	28%	1	3%	21/02/14	28/02/15	Samb.
RSÍ og OR		67	48	72%	29	60%	19	40%	0	0%	20/03/14	28/02/15	Samb.
RSÍ og Síminn/Míla		402	133	33%	115	86%	16	12%	2	2%	14/03/14	28/02/15	Samb.
SSF - Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja		4.270	2.840	67%	1.866	66%	875	31%	99	3%	11/03/14	31/12/14	Samb.
Verkstjórasamband Íslands		2.047	266	13%	183	69%	83	31%	1	0%	21/12/13	31/12/14	Samb.
Vf. Vestfjarða v. Þörungaverksmiðju		11	7	13%	7	69%	0	31%	0	0%	23/01/14	31/12/14	Samb.
VM - Félag vélstjóra og málmteknimanna		1.750	369	21%	265	72%	100	27%	4	1%	20/02/14	28/02/15	Samb.

ATVINNULÍFIÐ Á STEFNUMÓT VIÐ MENNTAKERFIÐ

Það er markmið atvinnulífsins að auka samkeppnishæfni með fjölbreyttum, ábyrgum og arðbærum fyrirtækjum. Menntakerfið og uppbygging þess mun leika lykilhlutverk í hvernig til tekst. Með háu menntunarstigi sem byggir á forsendum atvinnulífsins er stuðlað að öflugu nýsköpunar- og rannsóknarumhverfi sem skilar aukinni samkeppnishæfni og fjölbreyttara atvinnulífi.

Í úttektum á samkeppnishæfni Íslands kemur fram að á meðan veikleikar okkar felast helst í efnahagslegum þáttum þá eru samfélagslegir innviðir okkar tiltölulega sterkir. Á þeim er hægt að byggja og gera enn betur.

Fyrirtæki, stór sem smá, hafa einnig tekið þátt og axlað ábyrgð við uppbyggingu menntakerfisins – ekki síst með fullorðinsfræðslu og símenntun til að hækka menntastig innan fyrirtækjanna. Á Menntadegi atvinnulífsins sem fram fór þann 3. mars s.l. kom skýrt fram hve fyrirtækin standa fyrir mikilli fjölbreytni og grósku í menntun starfsmanna. Fyrirtækjaskólar, heildstæð fræðslustefna fyrirtækja og uppbygging menntunar veita mörgum fyrirtækjum ný sóknarfæri um þessar mundir. Er ánægjulegt að fylgjast með miklum metnaði atvinnulífsins vítt og breitt um landið á þessu sviði. Þessari uppbyggingu er vert að veita eftirtekt og styðja. En það er líka gott að leggja við hlustir og heyra hvað forystufólk í fyrirtækjum og fræðimenn hafa að segja um gildi menntunar innan fyrirtækja.

Á Menntadeginum var dregin fram nauðsyn þess að breyta menntakerfinu, m.a. til að koma til móts við þarfir fyrirtækja til skemri tíma en líka til að menntakerfi 21. aldar verði ekki byggt upp fyrir atvinnustefnu fortíðarinnar þegar framtíðin kallar á annað. Við glímum við meira brotthvarf en gengur og gerist í ríkjum sem við berum okkur saman við. Við klárum framhaldsskólann á lengri tíma en allar aðrar þjóðir innan OECD. Við horfum fram á versnandi árangur í grunnfögum í alþjóðlegum könnunum. Framleiðni íslensks skólakerfis er minni en annars staðar. Það verður að óbreyttu skortur á tækni og raungreinamentuðu fólk. Háskólar eru of margir og þörf er á forgangsröðun á háskólasviði. Við þetta verður ekki unað. Þetta er viðfangsefni sem Samtök atvinnulífsins og aðildarfélag þeirra vilja takast á við í samvinnu við stjórnvöld enda hagsmunir miklir.

Á Menntadegi atvinnulífsins kom fram í máli frumkvöðuls í framleiðslu- og þjónustufyrirtæki að menntun sveinsnema og ákveðinna sérfræðinga endurspegladi ekki veruleika og þarfir fyrirtækja. Breyttar þarfir fyrirtækja og hinna mismunandi atvinnugreina kalla á meiri umræðu um hvernig við eigum að byggja iðn- og verknám upp til lengri tíma. Það er óumflýjanlegt að endurskoða kerfið og meta alla þá möguleika sem stuðlað geta að faglegu iðn- og verknámi sem sinnir bæði eftirspurn atvinnulífsins og laðar að unga fólk í ríkara mæli en nú er. Þar þarf meiri gagnsæi og sveigjanleika. Breytingar í þessa veru eiga ekki að vera ógnun heldur tækifæri því krakkarnir vilja verknám. Samkvæmt rannsókn sem gerð var fyrir Samtök atvinnulífsins kemur fram að 37% nema í bóknámi hefðu frekar viljað fara í verknám. Allt að 60% nemenda í bóknámi vilja síðan a.m.k.



eitthvað verknám. Þessi mikli áhugi unga fólksins felur í sér tækifæri. Ungu fólkid er tilbúid en kerfið ekki. Það verður því að endurskoða kennsluhætti, möguleika á þverfaglegu námi í meiri mæli en nú er og uppbyggingu iðn- og verknáms.

Hjá Dr. Andreas Schleicher, yfirmanni hjá OECD komu fram margar athyglisverðar og gagnlegar upplýsingar sem nýtast við að skerpa á stefnu í menntamálum sem ýtt getur undir samkeppnishæfni landsins okkar. Hann fór yfir niðurstöður úr svonefndri PISA rannsókn en hún sýnir slakari árangur íslenskra nemenda í grunnskóla í lestri, stærðfræði og náttúruvísindum en áður. Ljóst er að á þessum sviðum þarf Ísland að bæta sig verulega. En af hverju eru Samtök atvinnulífsins að hafa áhyggjur og sýna áhuga til breytinga á þessu sviði?

Fimmtán ára unglingi sem ekki getur lesið sér til gagns mun verða það fjötur um fót síðar á lífsleiðinni, hvort heldur í áframhaldandi námi eða starfi á vinnumarkaði. Hann mun eiga erfitt með að læra allt annað hvort sem það er tungumál, stærðfræði eða náttúruvísindi og hann mun eiga erfitt uppdráttar á vinnumarkaði sem kallar eftir aukinni hæfni á mörgum sviðum. Um þriðjungur 15 ára íslenskra drengja getur ekki lesið sér til gagns en það er svipað hlutfall og fellur undir brotthvarfshópinn í framhaldsskóla. Þegar rýnt er í niðurstöður tiltölulega nýrrar könnunar OECD á grunnleikni fullorðinna, nefnd PIAAC, kemur skýrt fram að einstaklingar sem búa yfir lítilli læsisgetu eru líklegri til að hafa lágar tekjur, lifa við lélega heilsu, taka síður virkan þátt í samfélaginu og bera minna traust til annarra heldur en þeir sem eru sterkari í læsi.

OECD hefur hvatt stjórnvöld víða um heim að tryggja hágæða grunnmenntun þegnanna og byggja samhliða upp kerfi fullorðinsfræðslu eða ævimenntunar þannig að allir hafi möguleika á að halda við og endurnýja þekkingu sína og hæfni. Í Noregi hefur verið bent á að þeir sem búa yfir minni færni í grunnskóla eru fimm sinnum líklegri til að vera komnir á bætur í almannatryggingakerfinu 24 ára gamlir en þeir sem byggt hafa upp færni í grunnfögum. Þar er rætt, eins og hér, að byrja fyrr á skólagöngunni með skilvirkari lestrarkennslu og það langtímamarkmið að hver einstaklingur geti betur notið styrkleika sína innan skólakerfisins og komið hæfari út í atvinnulífið. Þar liggja hagsmunir fyrirtækjanna.

Þýðing menntunar, hvort sem hún á sér stað innan vinnustaðar eða skóla, er því mikilvægri sem aldrei fyrr hvort sem lítið er til atvinnulífsins eða samfélagsins í heild. Menntaumuræðan sem nú fer fram í samfélaginu – og jafnvel kraumar á – er fagnaðarefni. Atvinnulífið mun taka þátt í þeirri umræðu og styðja þá sameiginlegu sýn okkar að gera íslenskt atvinnulíf og samfélag fjölbreyttara og samkeppnishæfara.

Mennta og nýsköpunarsvið SA



STARFSSKILYRÐI ATVINNULÍFSINS



Samtök atvinnulífsins fjalla um ótal mál sem tengjast starfskilyrðum fyrirtækjanna og eiga samskipti við Alþingi, ráðuneyti og stofnanir hins opinbera um fjölmörg atriði. Auk þeirra sem um er fjallað í ársskýrslunni má nefna orkumál, samkeppnismál, fjárfestingar, samgöngur og aukinn einkarekstur í opinberri þjónustu. Hér verður einungis fjallað um örfá mál sem hátt hefur borið í starfsemi SA á liðnu starfsári en nánari umfjöllun má finna á vef samtakanna.

Endurskoðun regluverks

Samtök atvinnulífsins hafa lengi kallað eftir því að eftirlitsstarfsemi ríkis og sveitarfélaga með atvinnulífinu verði endurskoðað. Naupsynlegt er að stofnanir verði sameinaðar, beitt nútímalegum aðferðum við eftirlitið og gætt yfstrustu hagkvæmni. Lög og reglur eiga ekki að leggja meiri byrðar á fyrirtækin og aðra þátttakendur í atvinnulífi en þörf krefur. Fyrirtæki innan SA kvarta í auknum mæli undan mikilli vinnu við að mæta kröfum opinberra eftirlitsstofnana. Fjölmargir aðilar gera út af örkinni eftirlitsmenn sem taka út ákveðinn hluta af starfseminni og alltof oft skarast starfsemi stofnana. Hátt flækjustig regluverksins dregur úr vexti fyrirtækja og heldur aftur af stofnun nýrra.

Punglamalegar, flóknar og íþyngjandi reglur geta dregið kraft úr atvinnulífinu. Innan OECD hefur um langt skeið verið fjallað um nauðsyn þess að minnka skrifræði í samskiptum atvinnulífs við hið opinbera og halda kostnaði í lágmarki. Margar þjóðir hafa sett betra regluverk fyrir atvinnulífið á oddinn enda eru umbætur líklegar til að örva atvinnulíf og stuðla að aukinni framleiðni og framförum. Skoðað er hvenær úrlausnarefni kalli á lagasetningu og ákvarðanir um reglusetningu byggja m.a. á mati þess efnis að ábati samfélagsins sé meiri en kostnaðurinn.

Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 22. maí 2013 segir m.a.: „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir endurskoðun regluverks atvinnulífsins með einföldun og aukna skilvirkni þess að leiðarljósi. Markmið hennar verður að minnka skrifræði og einfalda samskipti við opinbera aðila um leið og kostnaði er haldið niðri. Sérstakt

markmið er að engar nýjar íþyngjandi reglur verði innleiddar fyrir atvinnulífið án þess að um leið falli brott jafnveigamiklar kvaðir. Þannig munu heildaráhrif regluverksins þróast í rétta átt.“

Í aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar er kveðið á að greina það í regluumhverfinu sem er óþarflega flókið og íþyngjandi og meta kostnaðinn sem af hlýst. Sett verða markmið um að draga úr þessum byrðum í áföngum og móta mælikvarða til að fylgjast með árangri. Í áætluninni er ennfremur tilgreint að til að stemma stigu við nýjum íþyngjandi reglum verði þess sérstaklega gætt við undirbúning lagafrumvarpa sem varða atvinnulífið að um þau verði haft viðtækt samráð og að metin verði áhrif á hlutaðeigandi geira atvinnulífsins. Stefnt verði að því að mat á áhrifum nýrra reglna fylgi frumvörpum. Áhersla er lögð á að þegar lagafrumvarp felur í sér nýjar íþyngjandi reglur fyrir atvinnulífið verði rökstutt sérstaklega hvers vegna nauðsynlegt sé að setja slíkar reglur. Jafnframt verði þá lagt til brottfall annarra reglna til að vega upp á móti viðbótarkostnaði fyrir atvinnulífið.

Það hefur valdið vonbrigðum hve mörg stjórnarfrumvörp fela í sér auknið opinbert eftirlit. Eftirlit sem hefur í för með sér aukinn kostnað fyrir atvinnulífið og dregur úr samkeppnishæfni fyrirtækja og leiðir til versnandi kjara almennings. Frumvörp þessi eru lögð fram án samráðs við hagsmunaaðila og þar með er mat á kostnaðaráhrifum þeirra á atvinnulífið og almennung ófullnægjandi.

Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur var endurskipuð síðast liðið haust og eiga SA fulltrúa í nefndinni. Nefndinni er m.a. ætlað að fylgja eftir aðgerðaráætluninni. Í mörgum ráðuneytum er hafin vinna við að einfalda regluverk sem snýr að atvinnulífinu. Stýrihópur sem iðnaðar- og viðskiptaráðherra skipaði er ætlað að skila tillögum í maí nk. um einföldun á regluverki í ferðaþjónustu og auka skilvirkni þess með hagsmunum hennar, ferðamanna og almennings að leiðarljósi. Þá er hópnun ætlað að gera tillögur um endurskoðun leyfisveitinga og annarrar regluumgjafar.

Þá hefur forsætisráðherra lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um regluráð sem komi í stað laga um opinberar eftirlitsreglur.

Markmið laganna er að stuðla að því að lög og stjórnvaldsfyrirmæli skapi sem besta umgjörð fyrir öflugt atvinnulíf í þágu hagvaxtar, aukinnar framleiðni og framfara.

Enginn vafi er á að verulega er unnt að minnka skrifræði, einfalda samskipti fyrirtækja við opinbera aðila og draga úr kostnaði við eftirlitið án þess að draga úr efnislegum kröfum til fyrirtækjanna. Ennfremur er mikilvægt að gera fólki það auðveldara en nú er að geta hafið rekstur og tekið áhættu með uppbyggingu nýrrar starfsemi. Í stað leyfisveitinga verði tilkynningarskylda tekin upp í auknum mæli eða eftir atvikum verði almennt lögbundið eftirlit látið duga. Áhersla verði lögð á að unnt verði að sækja allar upplýsingar á einum stað og sækja um leyfi.

Einfalt og skilvirkt skattaumhverfi

Skattalegt umhverfi í landinu á að miða að því að ná fram sem mestri hagkvæmni. Skattkerfið á fyrst og fremst að vera skilvirkt tekjuöflunartæki ríkissjóðs og sveitarfélaga. Það á að vera gegnsætt og laust við flækjur, skattstofnar eiga að vera breiðir og skattprósensur fíar og lágur. Með því móti er dregið úr hvata til undanskota.

Skattheimtu er ekki hægt að þenja út fyrir tiltekin mörk án þess að hún rýri sjálfa skattstofnana. Forsendur varanlegrar tekjuaukningar ríkissjóðs eru auknar fjárfestingar sem leiða til aukinnar verðmætasköpunar og fjölgunar starfa þannig að fleiri fyrirtæki og einstaklingar greiði skatta en færri þiggja bætur og styrki.

Skattkerfið og rekstrarumhverfi fyrirtækja þarf að vera fyrirsjáanlegt svo þau eigi hægara um vik að gera áætlanir og sjái sér hag í að fjárfesta. Mikilvægt er að stjórnvöld afnemi misfellur í skattkerfinu sem hindra fjárfestingu og nýsköpun og greiði götu erlendra fjárfestinga á Íslandi.

Allt of margar breytingar á íslenskri skattalöggjöf á síðasta kjörtímabili urðu til þess að draga úr fjárfestingum og vilja til þátttöku í atvinnurekstri. Órækur vitnisburður um það er sú staðreynd að áform um fjárfestingar, aukinn hagvöxt og jöfnuð í afkomu ríkissjóðs gengu ekki eftir eins og gert var ráð fyrir í efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 2009.

Samtök atvinnulífsins leggja til að þessar skattabreytingar gangi til baka í áföngum á núverandi kjörtímabili til að bæta samkeppnishæfni atvinnulífsins, örva fjárfestingar, atvinnusköpun og þar með hagvöxt. Tekjutapi ríkissjóðs verði mætt með endurbótum á skattstofnum sem best eru til þess fallnir að afla ríkissjóði tekna. Til dæmis mun lækkun á tekjuskatti fyrirtækja stuðla að auknum fjárfestingum og þar með stærri skattstofnum og þarf því ekki að hafa áhyggjur af lækkuðum tekjum ríkissjóðs. Tillögum samtakanna voru gerð ítarleg skil í ritinu Skattstofnar atvinnulífsins- ræktun eða rányrkja sem kom út í nóvember 2012. Skattstofnana verður að rækta til að þeir skili auknum tekjum, rányrkja á þessu sviði er ekki síður skaðleg en í náttúrunni.

Ríkisstjórnin hefur boðað tillögur til úrbóta með það að markmiði að einfalda skattkerfið, breikka skattstofna minnka tekjutengingar og draga úr undanskotum. Þannig verði á kjörtímabilinu tryggingagjald lækkað, lágmarksútsvar afnumið og tekjuskattkerfið endurskoðað. Neysluskattar verða jafnaðir og einfaldaðir og vörugjöld endurskoðuð.

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur nýlega skipað stýrihóp til að endurskoða vörugjalda- og virðisaukaskattkerfin. Samtök atvinnulífsins fagna áformum stjórnvalda um að hverfa frá sértækri neyslustýringu með vörugjöldum og einfalda virðisaukaskattkerfið með minni mun á milli þrepa, færri undanþágum og auknu jafnræði milli skyldra atvinnugreina og hafa farið þess eindregið á leit að fá skipaðan fulltrúa í stýrihópinn.

Skattlagning í formi virðisaukaskatts og vörugjalda hefur mikil áhrif á almenna verðlagsþróun og þar með stöðugleika í efnahagslífinu. Það er því afar mikilvægt að sem víðtækust sátt náist við atvinnulífið um þær breytingar sem stjórnvöld stefna að.

Réttur fyrirtækja við rannsókn mála

Það er nauðsynlegt að tryggja betur en nú er rétt fyrirtækja þegar eftirlitsstofnanir hefja rannsókn mála. Í fjölmiðlum hafa að undanförunu komið fram dæmi um framgöngu Fiskistofu, Samkeppniseftirlitsins og Seðlabanka Íslands við rannsókn mála.

Þegar rannsókn á meintum brotum hefst geta fyrirtæki búið við það jafnvel árum saman að vita ekki í hverju brot þeirra átti að vera falið. Það eru engin tímamörk á því að stofnanir skili niðurstöðu. Heimildir til að leggja hald á gögn eru ríkulegri en í nálægum löndum þar sem almennt eru tekin afrit af gögnum og nauðsynlegt að sett verði almenn viðmið um meðferð gagna. Það er einnig óviðunandi að unnt sé að æskja eftir húsléitarheimild til að rannsaka meint og tiltekin brot en nýta síðan gögnin til að kanna allt önnur mál en upphaflega var ætlunin.

Samkeppniseftirlitið er mikilvæg stofnun til að tryggja að markaðir séu opnir og koma í veg fyrir ólögmeitt samráð. Þegar stofnunin hefur tekið ákvörðun geta fyrirtæki vísað málinu til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem kveður upp úrskurð í málinu. Vilji stofnunin ekki una úrskurðinum getur hún vísað málinu til dómstóla. Eftirlitsstofnunin fer þá í mál við æðra sett stjórnvald. Með þessu er búið að taka úr sambandi möguleika fyrirtækja til að ljúka máli á stjórnsýslustigi. Þessa heimild Samkeppniseftirlitsins verður að fella niður.

Almenn lagasetning til að tryggja rétt fyrirtækja er nauðsynleg sérstaklega í ljósi þess að sífellt fleiri og fleiri stofnanir hafa fengið heimildir til að leggja svokallaðar stjórnvaldssektir á fyrirtæki og til að kæra forsvarsmenn þeirra til lögregluvirkvalda.

Samkeppnishæfisvið

STERK STAÐA LÍFEYRISSJÓÐANNA

Hreinar eignir allra lífeyrissjóða, bæði samtryggingar- og séreignarsjóða, námu 2.600 milljörðum króna í árslok 2013, samkvæmt áætlun Seðlabanka Íslands. Þar af nam hrein eign séreignardeilda 260 milljörðum eða 10%. Aukning hreinna eigna sjóðanna milli ára nam um 225 milljörðum króna. Ávöxtun sjóðanna á árinu 2013 var mjög góð og skiluðu þeir að jafnaði 5,5% raunávöxtun eigna sinna á árinu 2013. Sem dæmi má nefna 6,3% hreina raunávöxtun Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og er tryggingafræðileg staða þess sjóðs á ný orðin jákvæð eftir nokkurra ára tímabil neikvæðrar stöðu. Rekja má þennan góða árangur að miklu leyti til mikillar ávöxtunar af innlendra og erlendra hlutabréfaeign.

Hreinar eignir sjóðanna hækkuðu milli ára úr 143% í 149% af landsframleiðslu og er hlutfallið orðið mun hærra en það var fyrir fjármálakreppuna árið 2008.

Alþjóðlegur samanburður



Í alþjóðlegum samanburði er Ísland vel í stakk búið til að mæta efnahagslegum áskorunum vegna hækkandi meðalaldurs og hlutfallslegrar fjölgun aldraða á næstu árum og áratugum vegna styrks lífeyrissjóðanna. Árleg fjölgun íbúa á eftirlaunaaldri verður 3-4% næsta áratuginn hlutfall vinnandi fólks og eftirlaunaþega fer stöðugt lækkandi. Ísland er í sérflokki með Hollandi og Sviss hvað varðar sjóðssöfnun til að mæta fjölgun aldraða, en flest ríki munu þurfa að hækka skatta og notendagjöld og skerða þjónustu við aldraða til að mæta miklum þrýstingi á útgjöld hins opinbera vegna þessarar þróunar.

Breyting á lögum um starfsemi lífeyrissjóða

Í desember 2013 samþykkti Alþingi breytingar á lögum um skyldtryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Breytingar voru annars vegar gerðar á skilyrðum til greiðslu örorkulífeyris sem fólu í sér að lífeyrissjóði væri heimilt, að fengnu álit trúnaðarlæknis lífeyrissjóðs, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt gæti heilsufar hans. Þetta ákvæði þurfti að setja inn í löginn því Fjármálaeftirlitið hafði gefið út álit þess efnis að slík skilyrði hefðu ekki lagastoð.

Í greinargerð var ákvæðið rökstutt með því að í þessu sambandi væri sérstaklega litið til laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, þar sem m.a. er mælt fyrir um rétt þeirra sem þiggja örorkulífeyri frá lífeyrissjóðum til starfsendurhæfingar á vegum starfsendurhæfingarsjóða.

Í umsögn um frumvarpið lögðu SA og ASÍ til að heimildin væri ekki einungis bundin álit trúnaðarlæknis lífeyrissjóðs heldur gæti sjóðurinn einnig leitað til annarra þar til bærra sérfræðinga í starfsendurhæfingu, en það væri í samræmi við það hvernig starfsendurhæfing fer fram í raun. Á það féllst sem sé Alþingi ekki.



Reglur um tilnefningar SA og góða stjórnarhætti

Framkvæmdastjórn SA samþykkti á fundi sínum 27. Mars 2014 endurskoðun á reglum SA um tilnefningar í stjórn lífeyrissjóða. Meðal nýmæla er sérstök valnefnd sem skipuð er af framkvæmdastjórn til árs í senn til að leggja fram tillögur að skipan stjórnarmanna í stjórnir lífeyrissjóða. Þá var bætt inn nýrri grein er snýr að jöfnu hlutfalli kynja í stjórnnum sjóðanna. Jafnframt var komið á fót sérstöku ráðgjafarráði SA í lífeyrismálum, sem í eiga sæti fulltrúar SA í stjórnnum sjóðanna ásamt framkvæmdastjórn SA og framkvæmdastjóra. Gert er ráð fyrir að ráðið hittist að jafnaði tvisvar á ári. Þá eru til umfjöllunar leiðbeinandi reglur um góða stjórnarhætti sem m.a. fela í sér að stjórnarmenn beiti sér fyrir því að lífeyrissjóðir marki sér skýra hluthafastefnu þar sem sé kveðið á um virkni sjóðanna sem hluthafa, reglur um skipan í stjórnir hlutafélaga og hvernig sjóðurinn hátti þátttöku sinni í atkvæðagreiðslum í hlutafélögum er hann fjárfestir í.

VIÐ VINNUM FYRIR ATVINNULÍFIÐ

Í Húsi atvinnulífsins Borgartúni 35 í Reykjavík vinnur stór og samhentur hópur fólks að því að bæta starfsumhverfi fyrirtækja á Íslandi. Samtök atvinnulífsins og aðildarsamtök SA eru í húsinu fyrir utan Samorku sem er með skrifstofur á Suðurlandsbraut 48. Sameiginlegt símanúmer fyrir Hús atvinnulífsins er 59 10 000 en tekið er á móti félagsmönnum og gestum sem eiga leið í Hús atvinnulífsins í sameiginlegri móttöku á fyrstu hæð. Þar er aðstaða þar sem félagsmenn geta tyllt sér niður, gætt sér á kaffi eða tesopa, og rætt helstu mál ef þeir eiga leið um Borgartúnið. Þar er jafnframt að finna nýjan fundarsal og fundarherbergi sem koma að góðum notum í starfinu.

Nýtt rekstrarfélag Húss atvinnulífsins tók til starfa á árinu og er á 1. hæð hússins. Markmiðið með stofnun þess er að bæta þjónustu við aðildarfyrirtæki Samtaka atvinnulífsins og aðildarsamtök þeirra. Rekstrarfélagið sér t.d. um fjármál, bókhald, rekstur, innkaup, félagatal og ýmis sameiginleg mál félaganna sem verða nú á einni hendi.

Við vonumst til að sjá sem flesta félagsmenn í Húsi atvinnulífsins á næstunni. Þú finnur starfsfólk allra aðildarfélaga Samtaka atvinnulífsins og rekstrarfélagsins hér að neðan með því að smella á merki viðkomandi félags.



JAFNRÉTTISMÁL



Samkvæmt úttekt Creditinfo sem unnin var fyrir Samtök atvinnulífsins og birt í janúar 2014 náðu lög um kynjakvóta í stjórnnum til 287 fyrirtækja í árslok 2013. Konur voru 31% stjórnarmanna og karlar 69% í þessum fyrirtækjum. Árið 2009 var hlutfall kvenna 20% í stjórnnum fyrirtækja með a.m.k. 50 heilsárstarfsmenn og hlutfall karla 80%. Rúmlega helmingur þessara fyrirtækja uppfylla skilyrði laganna um kynjahlutföll.

Löggjöf um kynjakvóta í stjórnnum fyrirtækja	31.12.2013	31.12.2009
Fjöldi fyrirtækja sem falla undir löggjöfina 31.12.2013	287	273
Fjöldi fyrirtækja sem uppfylla skilyrðin	152	64
Hlutfall fyrirtækja sem uppfylla skilyrðin	53%	23%
Hlutfall kvenna í stjórnnum sem falla undir löggjöfina	31%	20%
Hlutfall karla í stjórnnum sem falla undir löggjöfina	69%	80%

Ákvæðið um kynjakvóta í stjórnnum nær til hlutafélaga og einkahlutafélaga þar sem starfa 50 starfsmenn eða fleiri að jafnaði á ársgrundvelli. Í þriggja manna stjórnnum skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn og þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír skal hlutfall hvors kyns ekki vera lægra en 40%. Ákvæðið öðlaðist gildi 1. september 2013.

Í maí 2009 skrifuðu Samtök atvinnulífsins, Félag kvenna í atvinnulífinu og Viðskiptaráð undir samstarfssamning um að fjölga konum í forystu íslensks atvinnulífs. Markmið var sett um að hlutfall hvors kyns yrði ekki undir 40% í lok árs 2013. Í raun reyndi aldrei á framkvæmd samkomulagsins því þegar á sama ári var ljóst að vilji var fyrir því á Alþingi að setja kynjakvóta á stjórnir fyrirtækja, óháð því hvort atvinnulífið sjálft gæti jafnað

kynjahlutföll án opinberrar íhlutunar með því að hvetja fyrirtæki til að auka fjölbreytni í stjórnnum fyrirtækja.

Í mars 2010 samþykkti Alþingi svo ákvæði um kynjakvóta í stjórnnum fyrirtækja með breytingu á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög. Krafa löggjafans til atvinnulífsins var skýr, en með lagasetningunni færðu stjórnvöld ábyrgðina af atvinnulífinu til sín varðandi kynningu og innleiðingu lagaákvæðisins.

Konur eru meirihluti stjórnarmanna SA í lífeyrissjóðum. Samtök atvinnulífsins hafa á undanförunum misserum unnið markvisst að því að jafna kynjahlutföll fulltrúa SA í stjórnnum lífeyrissjóða. Af 27 aðalmönnum sem SA skipa í stjórnir níu sjóða eru 15 konur en 12 karlar. Að loknum aðalfundum sjóðanna vorið 2012 skipuðu konur 46% sæta sem SA skipuðu í en í október 2013 var hlutfallið orðið 56% eftir að nýir stjórnarmenn voru skipaðir. Verkalýðshreyfingin tilnefni einnig 27 aðalmenn í stjórnir sjóðanna.

Ungar konur og karlar hafa jafnan áhuga á að stofna eigið fyrirtæki

Könnun Capacent fyrir Samtök atvinnulífsins haustið 2013 leiddu í ljós að tæpur helmingur fólks á aldrinum 18-24 ára hefur mikinn eða nokkurn áhuga á að stofna eigið fyrirtæki. Ekki er marktækur munur á svörum fólks milli kynja í þessum aldurshópi sem sætir nokkrum tíðindum því ef horft er til allra aldurshópa þá vilja 49% karla stofna eigið fyrirtæki en aðeins þriðjungur kvenna. Þetta vekur upp spurningar um hvort framundan séu breyttir tímar í atvinnulífinu og á íslenskum vinnumarkaði sem er mjög kynskiptur. T.d. hafa 37% karla stofnað eigið fyrirtæki til þessa, en aðeins 21% kvenna skv. sömu könnun.

Jafnrétti á vinnumarkaði

Samtök atvinnulífsins tóku þátt í Jafnréttisþingi sem fram fór föstudaginn 1. nóvember 2013 á Hilton Reykjavík Nordica. Félags- og húsnæðismálaráðherra og Jafnréttisráð boðaði til þingsins en hlutverk þess er að efna til umræðna um málefni kynjajafnréttis og gefa öllum áhugasömum kost á að hafa áhrif á stefnu stjórnvalda í jafnréttismálum. Fjallað var um fjölmargar hliðar jafnréttismála en megináhersla þingsins að þessu sinni var á jafnrétti á vinnumarkaði.

Jafnlaunastaðall og jafnlaunavottun

Jafnlaunastaðall var gefinn út í desember 2012 eftir að vinna við gerð hans hafði staðið yfir frá árinu 2008. Markmið jafnlaunastaðalsins er að fyrirtæki tryggi að ákvarðanir um laun feli ekki í sér kynbundna mismunun. Staðallinn felur í sér innleiðingu kerfis sem ætlað er að tryggja að konur og karlar, sem vinna sömu störf eða jafnverðmæt störf, njóti sömu kjara.

Fyrirtæki sem telja sig hafa innleitt staðalinn með fullnægjandi hætti geta leitað til vottunarstofu til að fá staðfestingu á því með formlegum hætti að unnið sé eftir þeim kröfum sem staðallinn setur. Fyrir liggja drög að reglugerð um vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana á grundvelli staðalsins þar sem skilgreint er hvaða faglegu kröfur vottunaraðilar þurfa að uppfylla til að geta framkvæmt vottun á grundvelli jafnlaunastaðalsins.

Komið hefur verið á fót tilraunaverkefni um innleiðingu á jafnlaunastaðli. Í verkefninu hafa fyrirtæki og stofnanir sem vilja innleiða staðalinn samráð, eiga kost á ráðgjöf og aðgangi að sérfræðipækkingu. Þátttakendur í tilraunaverkefninu eru 5-10 fyrirtæki og u.þ.b. 10 stofnanir ríkis og sveitarfélaga.

SAMFÉLAGSÁBYRGÐ FYRIRTÆKJA

Samtök atvinnulífsins eru tengiliður á Íslandi við Global Compact – sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð. Um er að ræða eitt öflugasta framtakið í heiminum á sviði samfélagsábyrgðar fyrirtækja og sjálfbærni. Sameinuðu þjóðirnar hleyptu verkefninu af stokkunum í júlí árið 2000 en um er að ræða 10 viðmið sem fyrirtæki setja sér að fara eftir.

Fyrirtæki sem taka þátt í verkefninu geta notað Global Compact til að gera viðskiptavinum sínum, birgjum og opinberum aðilum grein fyrir samfélagsstefnu sinni. Aukin krafa er um að fyrirtæki geri opinberlega grein fyrir hvernig þessum málum er háttað innan fyrirtækjanna.

Meira en sjö þúsund fyrirtæki hafa skrifað undir Global Compact í heiminum en alls hafa yfir yfir 12.000 aðilar skrifað undir sáttmálann í 145 löndum. Sameinuðu þjóðirnar hafa sett sér það markmið að 20 þúsund fyrirtæki hafi skrifað undir sáttmálann árið 2020 með það að markmiði að auka sjálfbærni efnahagslífs heimsins.

Aukinn áhugi

Alls hafa 14 aðilar skrifað undir Global Compact á Íslandi en viðbúið er að það fjölgi í hópnum á næstu vikum og mánuðum. Nú þegar hafa Ölgerðin, Síminn, Prentsmiðjan Oddi, ÁTVR, FESTA, Össur, Íslandsbanki, Íslandsstofa, Íslandspóstur, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Alta, Reykjagarður, Landsbankinn og Landsvirkjun skrifað undir sáttmálann.

Rætt um samfélagsábyrgð í Reykjavík

Samtök atvinnulífsins skipulögðu í maí 2013 norræna ráðstefnu um samfélagsábyrgð fyrirtækja. Mörg framsæknustu fyrirtækja Norðurlanda áttu fulltrúa á ráðstefnunni en þar fór fulltrúi Sameinuðu þjóðanna í New York m.a. yfir stöðu mála og framtíðarstefnumörkun Global Compact. Samtök atvinnulífsins á Grænlandi voru gestgjafar ráðstefnunnar ásamt Samtökum atvinnulífsins. Er þetta í fyrsta sinn sem tvö lönd eru sameiginlega gestgjafar ráðstefnu norræns nets



Global Compact fyrirtækja og ánægjulegt að Ísland og Grænland taki þetta skref saman. SA munu vera gestgjafar sambærilegrar ráðstefnu á Grænlandi. Festa - miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja tók þátt í undirbúningi ráðstefnunnar.

Meðal fyrirlesara var Maalina Abelsen, þingmaður og fyrrverandi fjármálaráðherra Grænlands, en hún fjallaði um tækifæri til samstarfs atvinnulífsins og stjórnvalda á sviði samfélagsábyrgðar, verkefni sem tengjast menntamálum, atvinnusköpun, heilbrigðis- og umhverfismálum svo eitthvað sé nefnt.



Sameiginlegur ávinningur

Festa - miðstöð um samfélagsábyrgð og Samtök atvinnulífsins efndu til vel heppnaðarar og fjölsóttar ráðstefnu 23. janúar sl. undir yfirskriftinni „Fyrirtæki og samfélagið: Sameiginlegur ávinningur“. Ráðstefnan fer fram á Hilton Reykjavík Nordica en þar lýsti fjölbreyttur hópur stjórnenda ávinningi og áskorunum við að innleiða ábyrga starfshætti.

Fyrirtæki taki frumkvæði

Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur hjá Samtökum atvinnulífsins, segir mikilvægt að fyrirtæki taki frumkvæði í að sýna samfélagsábyrgð frekar en að stjórnvöld gefi út tilskipanir um slíkt. Það sé fyrirtækjanna að haga rekstri sínum og vinnubrögðum umfram það sem lög og reglur fyrirskipa og eðlilegt að áherslurnar séu þá í samræmi við hagsmuni fyrirtækisins.

„Samfélagsábyrgð getur falið ýmislegt í sér, frá því að styrkja nærsamfélagið með beinum framlögum, hlúa að og styðja við starfsmenn fyrirtækisins, umgangast náttúru og umhverfi af virðingu, yfir í að tryggja að vörur og hráefni sem notuð eru hafi verið framleidd með ábyrgum hætti. Meginatriðið er að fyrirtækin ráði sjálf hvar þau leggja áherslurnar þannig að það gagnist þeim best og það verður að gefa þeim svigrúm til að þróa sína samfélagslegu ábyrgð á eigin forsendum þannig að það styrki fyrirtækið sem best.“



VIÐMIÐ GLOBAL COMPACT



MANNRÉTTINDI

- Viðmið 1:** Fyrirtæki styðja og virða vernd alþjóðlegra mannréttinda.
- Viðmið 2:** Fyrirtæki fullvissa sig um að þau gerist ekki meðsek um mannréttindabrot.

VINNUMARKAÐUR

- Viðmið 3:** Fyrirtæki styðja við félagafrelsi og viðurkenna í raun rétt til kjarasamninga.
- Viðmið 4:** Fyrirtæki tryggja afnám allrar nauðungar- og þrælkunarvinnu.
- Viðmið 5:** Virkt afnám allrar barnavinnu er tryggt.
- Viðmið 6:** Fyrirtæki styðja afnám misréttis til vinnu og starfsvals.

UMHVERFI

- Viðmið 7:** Fyrirtæki sýni varúð í umhverfismálum.
- Viðmið 8:** Fyrirtæki hafi frumkvæði að því að hvetja til aukinnar ábyrgðar gagnvart umhverfinu.
- Viðmið 9:** Fyrirtæki hvetji til þróunar og nýtingar á umhverfisvænni tækni.

GEGN SPILLINGU

- Viðmið 10:** Fyrirtæki vinni gegn hvers kyns spillingu, þar með talið kúgun og mútum.

ÞÚSUND MYNDIR ATVINNULÍFSINS

Atvinnulífið er fjölbreytt og margbreytilegt alveg eins og lífið sjálft. Innan raða Samtaka atvinnulífsins eru allt frá sjálfstætt starfandi frumkvöðlum til stærstu fyrirtækja landsins. Hjá aðildarfyrirtækjum SA starfa um 70% launafólks á almennum vinnumarkaði þannig að verkefni félagsmanna SA eru af ýmsu tagi.

Á aðalfundi SA 2013 sem fram fór á Hilton Reykjavík Nordica efndu Samtök atvinnulífsins til ljósmyndasýningar til þess að sýna úr hverju SA eru gerð. Aðildarfyrirtæki SA brugðust vel við óskum um að senda inn myndir á sýninguna en alls bárust yfir eitt þúsund myndir svo úr varð mögnuð sýning.

Hér eru svipmyndir úr íslensku atvinnulífi sem leggur grunn að góðum lífskjörum.





UMHVERFISMÁL OG VINNUMHVERFI

Fyrirtækin á Íslandi leggja stöðugt aukna áherslu á umhverfismál í rekstri sínum. Bætt nýting aðfanga og minni úrgangur stuðlar að sjálfbærri þróun. Sífelld fleiri fyrirtæki sækjast eftir viðurkenningu á umhverfisstarfi sínu og fá það formlega vottað. Atvinnugreinar sem nýta auðindir náttúrunnar hafa haft forystu um skynsamlega nýtingu þeirra til langs tíma þannig að þær geti skilað landi og þjóð arði kynslóð fram af kynslóð.

Umhverfismál

Lög um meðhöndlun úrgangs verða sífelld flóknari og auknar kröfur eru gerðar til þeirra fyrirtækja sem á þessu sviði starfa. Þróunin undanfarna áratugi hefur verið sú að einkaaðilar taka að sér sífelld fleiri verkefni á sviði úrgangsmála. Svokölluð gámafyrirtæki, sem hófu starfsemi sína með flutningi úrgangs, annast nú flókna meðferð, flokkun og endurvinnslu úrgangs. Fyrirtækin stunda nýsköpun og þróun og framfarir í meðhöndlun úrgangs eiga margar rætur sínar að rekja til fyrirtækjanna. Samkeppni og kraftur einkafyrirtækja verða til þess að hraða úrbótum á þessu sviði sem öðrum. Því miður hafa sveitarfélögin sem eiga aðild að Sorpu með Reykjavík fremsta í flokki lagt sig fram um að hindra þátttöku einkafyrirtækja á þessu sviði og valdið þar með auknum kostnaði almennings og fyrirtækja. Sérstaklega er óeðlilegt þegar heilbrigðisnefndir sem hafa eftirlit með starfsemi á þessu sviði leggja stein í götu fyrirtækja til þess að tryggja hagsmunum sveitarfélagsins en ekki með hagsmunum umhverfisins að leiðarljósi. Þar sem heilbrigðisnefndir eru á vegum sveitarfélaga geta hagsmunir blandast saman og nauðsynlegt að eftirlitið verði tekið undan forræði sveitarfélaganna.

Viðskiptakerfi um losunarheimildir (ETS)

Á árinu 2012 voru flugsamgöngur felldar undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir. Það átti að gilda bæði um allt flug á Evrópska efnahagssvæðinu og flug til og frá flugvallöllum utan svæðisins. Úthlutað var losunarheimildum til flugfélaga miðað við sögulega losun þeirra og miðað við tiltekið árangursmark. Þegar langt var liðið á árið 2012 sló ESB á frest um eitt ár að fella undir viðskiptakerfið flug til og frá flugvöllum utan EES - svæðisins. Ástæða þessa var sú að fjölmörg aðildarríki Alþjóða-flugmálastofnunarinnar höfðu mótmælt löggjöf ESB m.a. vegna þess að löggjöfin fæli í sér ólögmæta skattheimtu samkvæmt alþjóðalögum. Báðar deildir Bandaríkjaþings höfðu samþykkt lög sem heimiluðu ríkisstjórninni að banna þarlendum flugfélögum þátttöku í ETS kerfinu. Nú liggur fyrir ESB að ákveða enn frekari frestun á fyrirhugaðri skattheimtu og liggja tillögur um það fyrir Evrópuþinginu.

Frá og með árinu 2013 fellur starfsemi orkufreks iðnaðar hér á landi undir viðskiptakerfið. Fyrirtækin fá úthlutað stærstan hluta losunarheimilda sinna án endurgjalds. Það er vegna þess að fyrirtækin eru í fremstu röð á sínu sviði en úthlutun er miðuð við árangur þeirra sem bestum árangri ná. Dugi úthlutaðar heimildir ekki til þurfa fyrirtækin að kaupa sér heimildir á markaði. Um viðskipti með losunarheimildir gilda almennar reglur um fjármálagerninga. Fyrirtækin þurfa að skila inn skýrslum um



raunverulega losun gróðurhúsalofttegunda og þær þurfa að vera vottaðar af óháðum aðila.

Vinnuumhverfi

Engar breytingar urðu á skipulagi og stjórnsýslu vinnuverndarmála á starfsárinu. Unnið er að endurskoðun ákvæða laga og reglugerðar um einelti og ofbeldi á vinnustöðum.

Ný stefnumörkun Vinnueftirlits ríkisins er í undirbúningi. Vinnueftirlitið hefur dregið úr almennu eftirliti og annarri starfsemi sem ekki er fjármögnuð með gjaldskrártækjum. Stofnunin leggur við eftirlitsstörf áherslu á ábyrgð stjórnenda fyrirtækja og áhættumat. Ýmis verkfæri hafa verið þróuð til að aðstoða fyrirtækin við þetta starf og er bent á svonefnda vinnuumhverfisvísa sem taka til fjölmargra atvinnugreina og finna má á vef stofnunarinnar. Vinnueftirlitið á áheyrnaraðild að stjórn vinnuverndarstofnunar ESB í Bilbao á Spáni sem stendur m.a. fyrir evrópskri vinnuverndarviku á hverju ári.

UMSAGNIR UM ÞINGMÁL OG ÖNNUR MÁL

Samtökum atvinnulífsins berst mikill fjöldi þingmála til umsagnar. Á 140. löggjafarþingi 2013-2014, hafa samtökin sent inn umsagnir um 45 þingmál (miðað við 1. apríl 2014). Meðal umsagna má nefna frumvörp um tekjuaðgerðir og ýmsar forsendur fjárlaga-frumvarps 2014, frumvarp um aðgerðir til að draga úr reglubyrði atvinnulífsins, frumvarp um hollustuhætti og mengunarvarnir, loftgæði o.fl., skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyris-sjóða, skilyrði til greiðslu örorkulífeyris o.fl. og frumvarp um váttryggingastarfsemi og miðlun váttrygginga.

Umsagnirnar má finna á vef SA

Samtökin veita einnig ráðuneytum umsagnir um frumvörp sem eru í undirbúningi, reglugerðardrög, fyrirhugaðar gjaldskrárbreytingar. Einnig berast mál til umsagnar frá einstökum stofnunum ríkisins. Helstu umsagnir SA til ráðuneyta og annarra má einnig finna á vef SA

Þátttaka í nefndum og ráðum

Samtök atvinnulífsins eiga fulltrúa í helstu stofnunum sem starfa í tengslum við vinnumarkaðinn. Í ýmsum lögum er kveðið á um að SA eigi sæti í stjórnnum og nefndum. Algengt er að ráðuneyti óski eftir þátttöku fulltrúa frá atvinnulífinu í nefndum og ráðum sem beint eða óbeint fjalla um mál sem tengjast hagsmunum fyrirtækjanna. SA tilnefna einnig fulltrúa til setu í stjórnnum almennra lífeyrissjóða til jafns við fulltrúa verkalýðsfélaganna. Upplýsingar um fulltrúa SA má finna á vef SA



ERLEND SAMSKIPTI

Aðildarviðræður við ESB

Í janúar 2013 var ákveðið að hægja á aðildarviðræðum Íslands og Evrópusambandsins fram yfir kosningar vorið 2013 sem hófust í kjölfar ályktunar Alþingis sumarið 2009. Ný ríkisstjórn ákvað að gera hlé á aðildarviðræðunum og að þeim yrði ekki haldið áfram nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu. Samninganefndir Íslands hafa verið leystar upp. Nú liggur fyrir Alþingi að ákveða hvort viðræðum verði slitið.

Í september sl. ákváðu SA í samstarfi við Alþýðusamband Íslands, Félag atvinnurekenda og Viðskiptaráð Íslands að standa fyrir úttekt á aðildarviðræðum við Evrópusambandið, þróun ESB og valkostum í efnahagsmálum. Í kjölfarið var undirritaður samningur við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands um ritstjórn og umsjón úttektarinnar. Markmið verkefnisins er að leggja mat á stöðu aðildarviðræðna Íslands og Evrópusambandsins, að greina þau álitæfni sem eru til staðar og þá kosti sem eru í stöðunni. Þá verður fjallað um þróun Evrópusambandsins síðan aðildarviðræðurnar hófust með sérstakri áherslu á gjaldmiðilssamstarfið. Sérstakt mat verður einnig lagt á hvernig hefja mætti aðildarviðræður við ESB að nýju ef vilji stendur til þess. Þá verður lagt mat á EES samninginn og þá möguleika og takmarkanir sem í honum felast. Úttektin verður kynnt á næstunni.

Það er mat þeirra samtaka sem að verkefninu standa að hlutlæg og greinargóð úttekt af þessu tagi sé lykilforsenda þess að hægt sé að meta hvaða valkostir séu best til fallnir að tryggja samkeppnishæfni atvinnulífsins til lengri tíma og um leið skapa sem best lífskjör fyrir heimilin í landinu.

EFTA og EES

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið er Íslandi gífurlega mikilvægur. Markmið samningsins er að tryggja frjálst flæði vöru, fjármagns, þjónustu og fólks. Líklegt er að aðildarríkjum ESB muni fjölga á næstu árum. Evrópusamruninn sem hófst fyrir um hálfri öld mun halda áfram og dýpka.

Á undanförunum tuttugu árum hefur EES - samningurinn tryggt Íslendingum greiðan aðgang en þó ekki óheftan að sínum mikilvægustu mörkuðum. Þá hefur hann stuðlað að ýmsum jákvæðum breytingum á lagaumhverfi íslensks atvinnulífs og tryggt þátttöku í fjölmörgum evrópskum samstarfs verkefnum t.d. á sviði rannsókna og þróunar og á sviði menntamála. Tilskipun um frelsi í þjónustuviðskiptum er ætlað efla viðskipti á þeim sviðum m.a. með gagnkvæmri viðurkenningu á réttindum og leyfum.



Formlegur rekstur EES-samningsins fer að mestu fram á vettvangi EFTA og fulltrúar SA eiga setu í ráðgjafanefnd EFTA. Fastanefnd EFTA og sameiginlega EES-nefndin hittist níu sinnum á liðnu ári og fyrri hluta þess árs. Alls voru 335 nýjar reglugerðir og tilskipanir teknar upp í EES-samninginn með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar. Átak stendur yfir til að draga úr fjölda þeirra ESB gerða sem ekki hafa enn verið teknar upp í EES-samninginn en eru flestar komnar til framkvæmda innan ESB.

Viðfangsefni í EES – samstarfinu eru reglur sem krefjast framsals valdheimilda umfram það sem stjórnarskrá Íslands heimilar. Slíkum ESB reglugerðum og tilskipunum fjölgar stöðugt vegna breytinga á stofnanakerfi ESB.

Helstu gerðir fjalla m.a. um hertar reglur um matsfyrirtæki, eigið fé banka og fjárfestingafyrirtækja og auknar gagnsæiskröfur á verðbréfamarkaði. Einnig má nefna nýja tilskipun um að sjómenn öðlist sömu réttindi og launafólk á landi, breytingar á reglum um mat á umhverfisáhrifum og reglur um kynjajafnrétti í stjórnnum fyrirtækja.

Skrifstofa SA í Brüssel

Á árinu urðu þær breytingar á skrifstofunni að fastafulltrúi SA hjá BUSINESSEUROPE lét af störfum og er því starfi nú af með viðveru hluta árs í Brüssel og hluta hér heima.

Grunnþáttur í starfsemi skrifstofu atvinnulífsins í Brussel er almenn hagsmunagæsla SA gagnvart ESB og að greiða götu þeirra aðildarfélaga samtakanna sem óska aðstoðar ásamt því að tryggja að hagsmunir atvinnulífsins séu ekki fyrir borð bornir. Umfang starfsemi skrifstofunnar hefur aukist töluvert á undanförunum árum vegna vaxandi vægis Evrópumála. Dagleg starfsemi skrifstofunnar byggist að töluverði leyti á tengslaneti sem skrifstofan hefur komið upp til að tryggja annars vegar tímabæra öflun upplýsinga og hins vegar ráðgjöf um hvernig bregðast skal við þeim vanda sem kann að steðja að hagmunum atvinnulífsins. Skrifstofan starfar samkvæmt skýrt skilgreindum aðferðum og markmiðum og leiðum að þeim en viðfangsefnin verða stöðugt flóknari þar sem þróun Evrópumála er ör og auknar væntingar eru um hraða og nákvæma upplýsingagjöf.

Norrænt samstarf

Um langa hrið hafa Samtök atvinnulífsins átt mikið samstarf við systursamtök á Norðurlöndum. Þau eru Dansk arbejdsgiverforening (DA), Dansk Industri (DI), Elinkeinoelämän keskusliitto (EK), Næringslivets Hovedorganisasjon (NHO) og Svenskt Näringsliv (SN). Formenn og framkvæmdastjórar samtakanna hittast að jafnaði tvisvar á ári og svo eru haldnir árlegir fundir hagfræðinga, skattasérfræðinga, upplýsingastjóra og umhverfissérfræðinga. Auk þessa eru árlegir fundir um kjarasamninga og um vinnuumhverfi.

Samtökin fjalla um það sem efst er á baugi t.d. í efnahagsmálum og alþjóðamálum. Einnig er fjallað um sameiginleg hagsmunamál og hvernig tekist er á við hin ýmsu viðfangsefni í löndunum og menn deila með sér reynslu og þekkingu.

STÖRF STJÓRNAR SA STARFSÁRIÐ 2013-2014



Stjórn SA kom sex sinnum saman á starfsárinu. Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar, aðalfundardaginn 6. mars, voru eftirfarandi kosin í framkvæmdastjórn, auk Björgólfs Jóhannessonar formanns SA: Adolf Guðmundsson, Birna Einarsdóttir, Finnur Árnason, Grímur Sæmundsen, Hjörleifur Pálsson, Margrét Kristmannsdóttir og Svana Helen Björnsdóttir. Margrét Kristmannsdóttir var kosin varaformaður.

Stjórnin fjallaði um viðleitni til að skapa sameiginlega atvinnustefnu SA og ASÍ en það gekk ekki eftir vegna ágreinings um nokkur mál, s.s. veiðigjald og fastgengisstefnu, og í staðinn ákveðið að taka frumkvæði með áherslu á eigin baráttumál. Þá lagði stjórnin þær línur að kaupmáttur launa yrði fremur aukinn með skattalækkunum og auknu viðskiptafrelsi en launahækkunum.

Stjórnin fjallaði um skipulagsmál SA, nýtt skipurit og stofnun nýrra sviða á skrifstofu samtakanna, þ.e. efnahagssvið og nýsköpunar- og menntasvið og fjölgun starfsmanna vegna mönnunar sviðanna. Meginmarkmið breytinganna er bætt ímynd SA, aukið frumkvæði og bættur skilningur almennings á mikilvægi atvinnulífsins. Þá var fjallað um sameiginlega stoðþjónustu SA og aðildarfélaga fyrir fjármál og rekstur og verulega hagræðingu sem hún skapaði. Öllum þessum breytingum var vel tekið.

Stjórnin fjallaði um fyrirmyndir á Norðurlöndum við gerð kjarasamninga. Hætta væri á átökum á vinnumarkaði á næstunni. Óhjákvæmilegt væri að SA stæði föstum fótum gegn óraunhæfum kröfum og hamraði á nauðsyn stöðugleika og aukins aga í ákvörðunum um launabreytingar, hvort sem væri í kjarasamningum eða innan fyrirtækja og stofnana.

Í september 2013 sendi stjórnin frá sér ályktun um stefnu samtakanna í komandi kjarasamningum. Meginmarkmiðið væri að fjölga störfum og með örvun fjárfestinga með áherslu á hóflegar launabreytingar, stöðugt verðlag og gengi og lækkun vaxta. Þá ákvað stjórnin að gera væntingakönnun meðal almennings þar sem stillt væri upp valkostum milli stöðugleika og óstöðugleika í launum, verðbólgu og gengi krónunnar.

Stjórnin lýsti ánægju með þann vísu að breyttum vinnubrögðum við gerð kjarasamninga sem einkenndi samningalötu og lagði áherslu á að viðræður um nýtt samningalíkan skiluðu árangri strax á árinu 2013.

Störf framkvæmdastjórnar SA starfsárið 2013-2014

Framkvæmdastjórn SA kom 20 sinnum saman á starfsárinu. Framkvæmdastjórnin fór ítarlega yfir skipulagsbreytingar á skrifstofunni, nýtt skipurit, helstu verkefni og fjárhagsramma. Þessu tengt var fjallað um sameiningu stoðþjónustu í Húsi atvinnulífsins, sameiginlega fundarsali á jarðhæð og bættu nýtingu efri hæðanna.

Framkvæmdastjórnin fjallaði um atvinnustefnu SA með það megininntak að auka stöðugleika og aga í kjara- og efnahagsmálum. Kröfur SA gagnvart stjórnvöldum snéru að fáum en mikilvægum grundvallaratriðum í hagstjórn.

Framkvæmdastjórnin fjallaði um breytt skipulag kjarasamninga að norrænni fyrirmynd. Nýtt samningalíkan fælist í því að atvinnugreinar verði grundvöllur kjarasamninga, SA semji við samflot margra verkalýðsfélaga fyrir þeirra hönd, undanfarar

Í samningum (samkeppnisgreinar) skilgreini svigrúm til launabreytinga, launastefna verði samræmd og launabreytingar útfærðar í nærsamningum.

Framkvæmdastjórnin fjallaði um áherslur SA vegna komandi kjaraviðræðna áherslur gagnvart stjórnvöldum við undirbúning kjarasamninga. SA þyrfti að hafa frumkvæði og leggja áherslu á þau tækifæri og ávinning sem skuldug heimili hafa af hjöðnun verðbólgu og lægri vöxtum. Í umræðu um kaupmátt þurfi að leggja áherslu á kaupmátt atvinnutekna og ráðstöfunartekna heimilanna.

Framkvæmdastjórnin ákvað að láta gera auglýsingar þar sem boðskap SA væri komið á framfæri við almenning með einföldum hætti. Framkvæmdastjórnin var sammála um að þær hefðu skilað tilætludum árangri, þótt SA hefðu þurft að sæta harðri gagnrýni. Skilaboðin hefðu náð eyrum almennings.

Í kjölfar undirritunar kjarasamninga ákvað framkvæmdastjórnin að efna til sameiginlegs átaks ríkisstjórnar, SA og ASÍ gegn verðbólgu og verja til þess nokkrum fjármunum.

Fjallað var um háa stýrivexti Seðlabanka Íslands og neikvæð áhrif þeirra á atvinnulífið.

Framkvæmdastjórnin lýsti áhyggjum af vinnu við skýrslu utanríkisráðherra um árangur af aðildarviðræðum Íslands og ESB og ákvað að leita eftir samstarfi við ASÍ og Viðskiptaráð um sjálfstæða skoðun á aðildarviðræðunum.

Framkvæmdastjórnin mótaði tillögur að nýrri stefnumótun fyrir SA og hélt m.a. sérstakan stefnumótunarfund framkvæmdastjórnar í maí. Tillögurnar fólust m.a. í þremur gildum SA, framtíðarsýn, mælanlegum markmiðum um aukna samkeppnishæfni Íslands og nýju merki.

Framkvæmdastjórnin fjallaði um fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar og lýsti vonbrigðum með hækkun tryggingagjalds og banka-skatts. Að mati framkvæmdastjórnarinnar var fjárlagafrumvarpið metnaðarlítið og olli vonbrigðum.

Framkvæmdastjórnin fór yfir húsnæðismál Háskólans í Reykjavík og tók afstöðu til tillögu um aukið hlutafé bakhjarla félagsins sem á bygginguna sem skólinn er starfrækur í.

Framkvæmdastjórnin fjallaði um þær reglur sem gilda um tilnefningar SA í stjórnir lífeyrissjóða og vann að leiðbeiningum um góða stjórnarhætti lífeyrissjóða og starfsvenjur fulltrúa SA í stjórnnum þeirra.

Framkvæmdastjórnin ákvað að ársfundar SA yrði helgaður samkeppnishæfni Íslands og þar undir flokkaðist m.a. samkeppni í mennta- og heilbrigðiskerfi, minni reglubyrði og fjárfestingar-umhverfið.

BREYTINGAR HJÁ SAMTÖKUM ATVINNULÍFSINS


Miklar breytingar áttu sér stað á skipulagi Samtaka atvinnulífsins á liðnu ári. Björgólfur Jóhannsson, var kjörinn formaður samtakanna á aðalfundi SA 6. mars 2013. Björgólfur hlaut 98,5% greiddra atkvæða og var þátttaka í rafrænni kosningu meðal aðildafyrirtækja SA góð. Björgólfur tók við af Vilmundi Jósefssyni sem var formaður samtakanna frá árinu 2009 en hann ákvað að hætta fyrir aðalfund SA 2013. Þá var Þorsteinn Víglundsson var ráðinn framkvæmdastjóri SA í mars 2013 í stað Vilhjálm Egilssonar, sem gegnt hafði stöðunni frá árinu 2006.

Tvö ný svið voru sett á fót innan samtakanna; Mennta- og nýsköpunarsvið og Efnahagssvið. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir var ráðinn forstöðumaður Mennta- og nýsköpunarsviðs en Ásdís Kristjánsdóttir var ráðin til að veita hinu nýja efnahagssviði forstöðu.

Undir lok árs var sett á fót sameiginlegt rekstrarfélag Húss atvinnulífsins, en félaginu er ætlað að sinna bókhaldi, símsvörum, móttöku og ýmsum öðrum verkefnum fyrir SA og aðildarfélög SA í húsinu. Arndís Arnardóttir er forstöðumaður hins nýja rekstrarfélags.


Ráðist var í stefnumótun fyrir samtökin á árinu og var niðurstaða hennar að SA myndu leggja megináherslu á bættu samkeppnishæfni Íslands á komandi árum. Ísland hefur fallið um 25 sæti í alþjóðlegri mælingu IMD á samkeppnishæfni þjóða á undanförunum 6 árum, eftir að hafa náð í fjórða sæti á þennan mælikvarða árið 2006.

Próun á samkeppnishæfni Íslands 2006-2013



Neikvæð þróun á fjölmörgum sviðum vega þar þungt, en helst ber að nefna gjaldeyrishöft, hallarekstur og skuldasöfnun ríkissjóðs, aukna skattbyrði atvinnulífsins, versnandi framleiðni, óstöðugleika í efnahagslífinu, verðbólgu, vaxtastig og aðgengi að fjármagni.

Allt eru þetta mikilvægir þættir sem hafa munu veruleg áhrif á getu okkar sem þjóðar til aukinnar verðmætasköpunar og bættra lífskjara á komandi árum. Tengsl samkeppnishæfni og lífskjara þjóða eru afar sterk. Samtök atvinnulífsins telja mikilvægt að stefnu að lífskjörum í fremstu röð. Því markmiði verði best náð með því að bæta samkeppnishæfni Íslands verulega. Núverandi staða er óásættanleg og gefur ekki fyrirheit um annað en versnandi lífskjör á komandi árum, verði ekki gripið til aðgerða.





Í ljósi þessa var það niðurstaða í stefnumótun SA að koma þyrfti Íslandi í röð 10 samkeppnishæfustu þjóða í mælingu IMD innan 10 ára – 10/10.

Forysta um samkeppnishæft rekstrarumhverfi sem stuðlar að arðbæru, fjölbreyttu og ábyrgu atvinnulífi og bætir lífskjör allra.

Samtökin hafa jafnframt sett sér ný gildi sem eru Frumkvæði, Ábyrgð, Árangur. Með því er lögð áhersla á mikilvægi þess að SA sé ætíð í fararbroddi í að bæta rekstrarskilyrði íslenskra fyrirtækja, samtökin fari vel með þá ábyrgð sem þeim er falin sinni störfum sínum af metnaði og fagmennsku og skili félagsmönnum sínum árangri.

LITLA ÍSLAND

Litla Ísland er nýr vettvangur þar sem smá fyrirtæki vinna saman óháð atvinnugreinum. Vettvangurinn var stofnaður á Smáþingi sem haldið var 10. október 2013 en þar voru málefni lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi sett í kastljósið. Samtök atvinnulífsins og aðildarsamtök SA eru bakhjarlar Litla Íslands.

Lítill og meðalstór fyrirtæki greiddu 2/3 heildarlauna

Í tilefni Smáþings vann Hagstofa Íslands úttekt sem gefur góðar vísbendingar um umfang og mikilvægi lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi á árunum 2010-2012. Í henni kemur m.a. fram að lítill og meðalstór fyrirtæki (með færri en 250 starfsmenn) greiddu 2/3 heildarlauna í atvinnulífinu á árinu 2012 eða um 366 milljarða króna. Heildarlaunagreiðslur í atvinnulífinu námu 555 milljörðum 2012. Hagtölur um fyrirtæki eftir stærð hafa ekki verið birtar á Íslandi til þessa en þær liggja almennt fyrir í nágrannaríkjum Íslands. Samtök atvinnulífsins telja mikilvægt að úr þessu verði bætt.

- Lítill fyrirtæki (með færri en 50 starfsmenn) greiddu um 44% heildarlauna í í atvinnulífinu árið 2012 eða 244 milljarða króna.
- Örfyrirtæki (með 1-9 starfsmenn) greiddu 21% heildarlauna í atvinnulífinu árið 2012 eða 116,5 milljarða króna.
- Tæplega 25 þúsund launagreiðendur voru í atvinnulífinu árið 2012, nærri 23 þúsund voru örfyrirtæki.
- Rúmlega sjö af hverjum tíu starfsmönnum í atvinnulífinu árið 2012 starfaði hjá litlu eða meðalstóru fyrirtæki - rúmlega 98 þúsund manns. Rúmlega 42 þúsund störfuðu hjá örfyrirtækjum.
- 4000 fyrirtæki urðu til í íslensku atvinnulífi á árunum 2010-2012 - nánast öll voru örfyrirtæki.
- Hlutdeild lítilla og meðalstórra fyrirtækja í verðmætasköpuninni er hærra á Íslandi en í ESB. Hlutdeildin var 66% á Íslandi árið 2012 en 58% í ESB.
- Hlutfallslega fleiri vinna hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum á Ísland en í ESB.

Fjöldi frumkvöðla og fyrirlesara steig á stökk á Smáþingi en upptöku af öllum erindum má nálagast á Facebook síðu Litla Íslands.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sat Smáþingið og flutti lokaorð. Hún þakkaði fyrir tækifærið til að hlusta á raddir minni fyrirtækjanna og sagði brýnt að hlúa vel að þeim. Jafnframt kallaði hún eftir sjónarmiðum lítilla fyrirtækja í þeirri vinnu sem er væri hafin við að bæta starfsumhverfi fyrirtækjanna.

Tilgangur Litla Íslands er að bæta rekstrarumhverfi lítilla fyrirtækja á Íslandi og að byggja upp kröftugra, betra og skemmtilegra samfélag. Íslenskt atvinnulíf er byggt upp af litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Þau eru lykilþáttur í verðmætasköpun þjóðarinnar, veita tugum þúsunda vinnu og eru mikilvæg uppspretta nýrra starfa og hugmynda.



Góðu fréttirnar fyrir þá sem reka lítil fyrirtæki eru þær að Íslendingar eru mjög jákvæðir í garð lítilla fyrirtækja. Skoðanakönnun Capacent fyrir Litla Ísland sýnir að 94,4% Íslendinga eru jákvæðir í garð lítilla fyrirtækja, 5,3% hafa á þeim enga skoðun og aðeins 0,3% eru neikvæðir. Rúmlega helmingur þjóðarinnar telur hins vegar að starfsumhverfi lítilla fyrirtækja sé slæmt og aðeins einn af hverjum fimm telur að það sé gott.

Að mati lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi eru skattkerfið og hár fjármagnskostnaður helstu hindranirnar fyrir vexti þeirra á næstu árum. Þetta er niðurstaða Outcome-könnunar sem gerð var fyrir Litla Ísland. Skortur á fjármagni og hæfu starfsfólki koma þar á eftir, ásamt lítilli eftirspurn á markaði, reglubyrði og gjaldeyrishöftum.

Stóra lausnin er smá

Ein besta viðskiptaáætlunin sem býðst á markaðnum í dag er að bæta umhverfi lítilla fyrirtækja á Íslandi. Samkvæmt könnun sem gerð var fyrir Litla Ísland þá vilja lítil fyrirtæki á Íslandi fjölga störfum um 14.000 á næstu 3-5 árum. Verkefnið er vel viðráðanlegt því um helmingur fyrirtækjanna gerir ráð fyrir að fjölga um 2-4 starfsmenn á næstu árum.

Útreikningar Samtaka atvinnulífsins sýna að gangi áform litlu fyrirtækjanna eftir um fjölgun starfa munu launagreiðslur þeirra aukast um 60 milljarða og nema rúmlega 300 milljörðum á hverju ári.

14.000 ný störf þýða ...

- Launagreiðslur hækka um 60 milljarða.
- Tekjur hins opinbera af tekjuskatti og útvari hækka um 25 milljarða m.v. ca. 40% skatt.
- Tekjur ríkissjóðs af tryggingagjaldi hækka um 5 milljarða.
- Tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti hækka um 7 milljarða vegna aukinnar neyslu.

Af þessum 60 milljörðum fá ríkið og sveitarfélög að lágmarki 37 milljarða króna til baka, um tvo þriðju, en við bætast tekjur af vörugjöldum og tollum svo upphæðin er án efa hærrí. Það er því heilbrigð skynsemi að bæta starfsumhverfi lítilla fyrirtækja um það ætti ekki að vera neinar pólitískar deilur.



KYNNING OG MIÐLUN

Nýr vefur Samtaka atvinnulífsins var tekinn í notkun í apríl 2014 en hann gegnir lykilhlutverki í upplýsingamiðlun samtakanna. Á vefnum er að finna fréttir af hagsmunamálum atvinnulífsins, stefnumörkun í fjölda málaflokka, kjarasamninga og margt fleira.

Unnið er að uppfærslu á vinnumarkaðsvef SA en þar má m.a. finna ýmsar gagnlegar upplýsingar um vinnumarkaðsmál, ráðningar starfsfólks og starfslok, orlof, hvíldartíma, veikindarétt, fæðingar- og foreldraorlof, jafnréttismál, vinnuvernd og margt fleira. Vinnu- markaðsvefurinn er eingöngu opinn félagsmönnum SA.

Samtök atvinnulífsins efna reglulega til opinna funda þar sem brýn mál eru rædd. Yfirlit yfir þá helstu er hér að neðan en fjallað er ítarlega um efni þeirra á vef SA.

Fleiri störf – betri störf

Aðalfundur Samtaka atvinnulífsins fór fram miðvikudaginn 3. mars 2013 og var fundurinn vel sóttur þó svo að vonskuveður, stórhrið og norðan stormur léki um höfuðborgina og ófærð hamlaði för fólks. Á þriðja hundrað gesta brutust í gegnum storminn og komu á opna dagskrá fundarins á Hilton Reykjavík Nordica til að ræða hvernig hægt er að skapa fleiri og betri störf á Íslandi á næstu árum.

[Upptöku frá fundinum má nálgast hér](#)

Vilmundur Jósefsson, fráfaraandi formaður SA, ræddi um mikilvægi þess að atvinnulífið, verkalýðshreyfingin og stjórnmalaflokkarnir á Íslandi næðu samstöðu um að bæta lífskjör landsmanna á næstu árum. Vilmundur sem verið hafði formaður SA frá árinu 2009 ákvað fyrir fundinn að hætta og var þetta því kveðjuræða hans.

Björgólfur Jóhannsson, sem kjörinn var nýr formaður samtakanna, þakkaði Vilmundi fyrir vel unnin störf fyrir Samtök atvinnulífsins og samtök fyrirtækja í landinu allt frá árinu 1992. Björgólfur sagði íslenskt þjóðfélag standa á krossgötum eftir hálfan áratug stöðnunar og þá kyrrstöðu þyrfti að rjúfa með vel útfærðum hugmyndum. Barátta gegn verðbólgu væri brýnasta hagsmunamál þjóðarinnar.

Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra og framkvæmdastjóri VSÍ, flutti ávarp á fundinum og kom víða við í erindi sínu um þjóðmálin, vinnumarkaðinn og stöðu Íslands. Yfirskrift erindis hans var Nýsköpun í „gösenlandi.“

Þá fluttu áhugaverð erindi Guðrún Hafsteinsdóttir, markaðsstjóri Kjöriss, Ásberg Jónsson, framkvæmdastjóri Nordic Visitor, Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto Alcan á Íslandi, Georg Gísli Andersen, framkvæmdastjóri Valafells, Kristín Pétursdóttir, forstjóri Auðar Capital, Eyjólfur Árni Rafnsson, forstjóri Mannvits og Anna Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri tæknisviðs Símans og stjórnarformaður Festu. Fundarstjóri var Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa Lónsins.

90 mínútur



Samtök atvinnulífsins efndu til umræðufundar með leiðtogum fimm stærstu stjórnmalaflokkanna, Bjartrar framtíðar, Framsóknarflokks, Samfylkingar, Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna í aðdraganda kosninga til Alþingis fimmtudaginn 18. apríl í Hörpu. Árni Páll Árnason, Bjarni Benediktsson, Guðmundur Steingrímsson, Katrín Jakobsdóttir og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson sátu fyrir svörum Orra Haukssonar, framkvæmdastjóra SI, í 90 mínútur um hvernig flokkarnir hygðust örva atvinnulífið á næstu árum.

Upptöku frá fundinum má nálgast hér

Fram kom mikill vilji til samstarfs við atvinnulífið og aðila vinnumarkaðarins til að tryggja stöðugleika, vinna að breytingum á skattkerfinu, auka fjárfestingar, móta peningastefnu til framtíðar og afnema gjaldeyrishöftin. Formennirnir sögðust fúsir til að vinna saman að lausn viðfangsefna til að örva atvinnulífið og bæta lífskjör almennings.

Björgólfur Jóhannsson, formaður SA sagði í upphafi fundar samtökin reiðubúin til slíks samstarfs og vilja leggja sitt af mörkum. Leiðtogar stjórnmalaflokkanna yrðu að skapa trúverðuga leið fram á við þar sem öflugt atvinnulíf væri grunnur að því að bæta lífskjör í landinu. Um þá sýn yrði að ríkja samstaða, ekkert svigrúm væri fyrir flokkspólitískar deilur.

Algjör samstaða var meðal formannanna um að lækka tryggingagjaldið og einnig kom fram vilji til að einfalda og lækka vörugjöld til hagsbóta fyrir heimilin.

Smáþing

Fimmtudaginn 10. október 2013 fór fram Smáþing á Hilton Reykjavík Nordica en SA stóðu að þinginu ásamt aðildarfélögum sínum. Á þinginu var stofnaður nýr vettvangur fyrir lítil fyrirtæki á Íslandi undir merkjum Litla Íslands. Nánar er fjallað um Smáþingið í kafla um Litla Ísland í ársskýrslunni hér að aftan.

Jafnrétti borgar sig

Fimmtudaginn 26. september 2013 efndi ESB til málstofu á Íslandi um leiðir til að auka jafnrétti á vinnumarkaði og efla hlut kvenna í atvinnulífinu. Samtök atvinnulífsins voru meðal samstarfsaðila sem stóðu að málstofunni en þar var m.a. rætt um nýja íslenska jafnlaunastaðalinn en SA og ASÍ höfðu frumkvæði að því að ráðið var í gerð hans árið 2008 og kostuðu ásamt velferðarráðuneyti.

Besta leiðin fær

Fjöldmennur félagsfundur Samtaka atvinnulífsins var haldinn til að ræða komandi kjarasamninga þann 7. nóvember sl. í Hörpu auk þess sem hann var sendur beint út til félagsmanna um land allt. Á fundinum kom fram mikill einhugur um að gera kjarasamninga sem tryggðu efnahagslegan stöðugleika, lægri vexti og verðbólgu, aukna atvinnu og meiri kaupmátt atvinnutekna í stað áherslu á miklar launahækkningar.

Á fundinum voru sýnd þrjú stutt myndskreið sem má nálgast hér





að neðan.

Íslendingar eru sér á báti
Besta leiðin er fær
Þjóðarsátt

Morgunfundur um beina erlenda fjárfestingu

Samtök atvinnulífsins efndu til opins morgunfundar um beina erlenda fjárfestingu fimmtudaginn 16. janúar sl. á Hótel Reykjavík Natura. Tveir erlendir gestir tóku þátt, Karim Dahou, framkvæmdastjóri skrifstofu fjárfestinga og atvinnulífs hjá Efnahags- og framfarastofnuninni – OECD og Frank Barry, prófessor í alþjóðaðviðskiptum við Trinity háskólann í Dublin.

Á fundinum kom skýrt fram að það þarf að efla útflutningsgreinar á Íslandi til að bæta hag landsmanna en til að svo megi verða þarf að fjárfesta í þeim. Skaðleg gjaldeyrishöft draga hins vegar úr áhuga erlendra fjárfesta en bein erlend fjárfesting er mikilvæg litlu hagkerfi eins og því íslenska.

Fundarstjóri var Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, en í pallborðsumræðum tóku þátt Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA; Friðrik Már Baldursson, prófessor; Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, forstjóri Actavis á Íslandi og Krístrún Heimisdóttir, framkvæmdastjóri SI.

Fyrirtæki og samfélagið: Sameiginlegur ávinningur

Festa - miðstöð um samfélagsábyrgð og Samtök atvinnulífsins efndu til vel heppnaðarar og fjölsóttar ráðstefnu 23. janúar sl. undir yfirskriftinni „Fyrirtæki og samfélagið: Sameiginlegur ávinningur“. Ráðstefnan fer fram á Hilton Reykjavík Nordica en þar lýsti fjölbreyttur hópur stjórnenda ávinningi og áskorunum við að innleiða ábyrga starfshætti.

Til máls tóku Kristján Gunnarsson, meðeigandi Kosmos & Kaos, Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto Alcan á Íslandi, Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Símans, Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, Hulda Hreiðarsdóttir, stofnandi og yfirhönnuður Fafu.

Sigurborg Arnarsdóttir stjórnarformaður Festu og Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA settu ráðstefnuna en fundarstjóri var Krístrún Heimisdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

Menntadagur atvinnulífsins

Menntun og fræðsla sem nýtist öllu atvinnulífinu var í kastljósinu á Menntadegi atvinnulífsins sem fram fór 3. mars sl. á Hilton Reykjavík Nordica. Fjallað er um efni fundarins í menntakafli ársskýrslunnar en það voru Samtök atvinnulífsins ásamt SAF, SI, SVP, SF, SFF, LÍÚ og Samorku sem stóðu að deginum.

Hægt er að horfa á upptöku frá menntadeginum hér

Menntaverðlaun atvinnulífsins voru veitt í fyrsta sinn á mennta-





deginum til fyrirtækja sem hafa staðið sig vel á sviði fræðslu- og menntamála. Samskip voru útnefnd sem Menntafyrirtæki ársins 2014 en auk Samskipa voru Isavia, Landsbankinn og Rio Tinto Alcan á Íslandi tilnefnd fyrir öflugt fræðslustarf.

Ferðapjónustufyrirtækið Nordic Visitor var útnefnt Menntasproti ársins 2014 en auk Nordic Visitor voru Codland, Landsnet og Leikskólinn Sjáland tilnefnd fyrir að leggja aukna áherslu á fræðslustarf. Auk heiðursins hlutu starfsmannafélög fyrirtækjanna 100 þúsund krónur hvort. Ragnheiður Elín Árnadóttir - iðnaðar- og viðskiptaráðherra afhenti verðlaunin.

[Hægt er að horfa á öll tilnefnd fyrirtæki hér](#)

Auglýsingar SA

Samtök atvinnulífsins birtu í aðdraganda kjarasamninga sjónvarps- auglýsingar sem vöktu mikla athygli. Þar var m.a. sýnt hvernig of miklar launahækkanir hér á landi hafa á undanförunum árum leitt af sér mikla verðbólgu og á endanum engu skilað til aukins kaupmáttar íslenskra heimila. Þar var jafnframt á myndrænan hátt sett fram greining Seðlabanka Íslands á því hver þróun gæti orðið hér á landi í umhverfi mun minni launabreytinga en hingað til hefur verið raunin ásamt því sem fyrirtæki voru hvött til að halda aftur af verðhækkunum.

Hægt er að horfa á auglýsingarnar á Vimeo-svæði Samtaka atvinnulífsins.

[Betri lífskjör](#)

[Tilkynning til íslenskra fyrirtækja](#)



Í upphafi árs stigu SA svo fram með kröftugum hætti og brugðu rauðum lófa á loft og ítrekuðu hvatningu til fyrirtækja um að hækka ekki verð umfram verðbólgu markmið Seðlabanks til að liðka fyrir gerð kjarasamninga um lága verðbólgu og aukinn kaupmátt. Skilaboðin voru svo ítrekuð í sameiginlegu átaki SA, ASÍ, BSRB og ríkisstjórnarinnar.

Stór hópur fyrirtækja brást jákvætt við og lýsti því yfir að þau myndu styrkja markmið nýrra kjarasamninga um lága verðbólgu og aukinn kaupmátt, með því að lækka verð eða hætta við verðhækkanir sem höfðu verið boðaðar.



ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar Samtaka atvinnulífsins

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Samtaka atvinnulífsins fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

«Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. «

«Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.»

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits samtakanna sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits samtakanna. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

«Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samtakanna á árinu 2013, efnahag 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.»

Reykjavík, 27. mars 2014


PricewaterhouseCoopers ehf.

Vignir Rafn Gíslason

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2013

	Skýringar	2013	2012
Rekstrartekjur			
Árgjöld aðildarfélaga		393.421.723	351.022.876
Félagsheimilaskjöldur		3.778.528	3.572.036
Þóknun frá Vinnudeilusjóði SA vegna umsýslu	4	4.500.000	4.500.000
Aðrar tekjur		13.686.710	30.432.581
		<u>415.386.961</u>	<u>389.527.493</u>
Rekstrargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		306.017.006	248.875.249
Kostnaður vegna funda og móta		30.509.771	34.184.614
Útbreiðslu- og félagsmál		80.185.393	69.066.945
Rekstur húsnæðis og annarra eigna		17.887.462	18.605.381
Framlög til háskóla	6	4.500.000	0
Afskriftir	2	5.382.215	3.946.972
		<u>444.481.847</u>	<u>374.679.161</u>
(Rekstrartap) -hagnaður		(29.094.886)	14.848.333
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		16.155.990	18.532.634
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(1.120.329)	(1.812.492)
		<u>15.035.661</u>	<u>16.720.142</u>
(Tap) hagnaður ársins		(14.059.225)	31.568.475

Árgjöld 2013 - Flokkun eftir aðildarfélögum



EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2013

Eignir

	Skýringar	2013	2012
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:.....	2		
Fasteign, Borgartún 35		130.432.490	133.863.444
Sumarhús		3.518.401	3.610.991
Bífreið		720.000	720.000
Tölvubúnaður, innréttingar og skrifstofuáhöld		8.133.750	2.914.121
		<u>142.804.641</u>	<u>141.108.556</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		5.835.867	1.775.939
Árgjöld	5	23.842.947	12.885.180
Vinnudeilusjóður SA, inneign		102.742.391	126.219.628
Sjóður og bankainnstæður		174.170.166	156.553.191
		<u>306.591.371</u>	<u>297.433.938</u>
Eignir samtals		<u>449.396.012</u>	<u>438.542.494</u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé			
Eigið fé	3		
Óráðstafað eigið fé		404.204.704	418.263.929
		<u>404.204.704</u>	<u>418.263.929</u>
Skammtímaskuldir			
Fyrirfram greidd árgjöld		9.503.149	0
Ýmsar skammtímaskuldir		35.688.159	20.278.566
		<u>45.191.308</u>	<u>20.278.566</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>449.396.012</u>	<u>438.542.494</u>

Meðfylgjandi ársreikningar Samtaka atvinnulífsins voru samþykktir á framkvæmdastjórnarfundi 3. apríl 2013.

f.h. Framkvæmdastjórnar,

Björgólfur Jóhannsson, formaður Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri.

Réttarverndarsjóður SA árið 2013


Eigið fé			
Höfuðstóll 1/1		27.377.171	25.984.165
Úthlutun úr sjóðnum		(600.000)	0
Ávöxtun ársins		1.723.056	1.393.006
		<u>28.500.227</u>	<u>27.377.171</u>

VINNUDEILUSJÓÐUR

Rekstrarreikningur ársins 2013

	Skýringar	2013	2012
Rekstrartekjur			
1	Árgjöld aðildarféлага	45.816.090	38.423.401
2	Húsaleiga	15.981.946	26.566.901
3	Hreinar fjármunatekjur	<u>191.624.893</u>	<u>288.408.245</u>
		253.422.929	353.398.546
Rekstrargjöld			
4	Rekstrarkostnaður húsnæðis	23.039.153	16.308.064
5	Þóknun til SA vegna fjárvörslu	4.500.000	4.500.000
6	Innheimtukostnaður og annar kostnaður	<u>5.985.796</u>	<u>2.967.241</u>
		33.524.949	23.775.305
Rekstrarhagnaður		219.897.980	329.623.242
Reiknuð gjöld vegna ávöxtunar			
7	Hluti SA í ávöxtun Vinnudeilusjóðs	(11.353.898)	(12.910.070)
Hagnaður ársins		<u>208.544.082</u>	<u>316.713.172</u>

Skipting verðbréfaeignar Vinnudeilusjóðs 31.12.2013



340 m.kr. af 2.650 m.kr. eign sjóðsins eru bundnar í fasteigninni Borgartúni 35, en aðrar eignir eru ávaxtaðar í innlendum og erlendum verðbréfum. Nafnvöxtun verðbréfa var 10,3% og raunávöxtun 5,9%.

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

	Skýringar	2013	2012
Eignir			
8	Handbært fé	118.635.494	112.365.928
9	Viðskiptakröfur	2.831.644	2.775.190
10	Verðbréf með breytilegum tekjum	4 1.389.267.882	1.145.776.840
11	Verðbréf með föstum tekjum	4 796.843.873	881.411.437
12	Eignarhlutur í dótturfélagi	5 2.610.160	88.947
13	Áhöld, tæki og innrétingar	6 6.402.168	736.482
14	Fasteign	6 333.376.471	312.593.955
	Eignir samtals	<u>2.649.967.692</u>	<u>2.455.748.779</u>
Skuldir			
15	Ógreiddur fjármagnstekjuskattur	3.143.865	1.327.125
16	Óuppgerð viðskipti við fjárvörsluaðila	7.687.679	1.798.467
17	Skuldir við tengda aðila	7 114.851.619	141.038.636
18	Ýmsar skammtímaskuldir	4.155.895	0
	Skuldir samtals	<u>129.839.058</u>	<u>144.164.228</u>
Eigið fé			
20	Óráðstafað eigið fé	8 2.520.128.634	2.311.584.551
	Skuldir og eigið fé samtals	<u>2.649.967.692</u>	<u>2.455.748.779</u>
	Aðrar upplýsingar	9	

